

STEFÁN AÐALSTEINN DRENGSSON

Lenti í hremmingum í
för sinni á Mont Blanc

• ferðir • bílar
allt í MIÐJU BLAÐSINS



DIDDA SKÁLDKONA

Leikur týpu byggða
á sjálfri sér

Styttist í frumsýningu á Skrapp út!
FÓLK 30



MARGRÉT EDDA JÓNSDÓTTIR

Í landsliðinu í Tae-
kwondo

Bakraddasöngkona Mercedes Club leynir á sér
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. júlí 2008 — 206. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Myndlist

Jurtateikningar
Eggerts Péturs-
sonar komnar í
hátiðarútgáfu.

MENNING 22



Lít ég einn sem list kann

Einar Már Jónsson skrifar um
tálðráttarmennina alræmdu sem
fylla stræti Parísar nú um hásum-
arið.

Í DAG 12

Frönsk stemning

Sigurður Pálsson,
ríðhöfundur og skáld,
stakkt af til Parísar
til að halda
upp á sextugs-
afmælið.

TÍMAMÓT 16




Sæt hefnd hjá KR

KR-ingar lögðu
Fjölnismenn að
velli í lokaleik 13.
umferðar í gær.

ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



HITINN Í 28 STIG Í dag verða
norðaustan 5-13 m/s, hvassast við
SA-ströndina. Yfirleitt nokkuð bjart
veður en hætt við þökulofthi með
ströndum nyrðra og eystra. Hiti 15-
28 stig, hlýjast til landsins SV-til.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Saurgerlar og þung- málmar í Tjörninni

Mengun í Reykjavíkurtjörn er langt yfir viðmiðunarmörkum, að því er fram kemur í nýrri skýrslu um ástand tjarnarinnar. Skólp er losað í tjörnina.

UMHVERFISMÁL „Þetta er fúll pyttur í hjarta borgarinnar,“ segir Hilmar J. Malmquist, einn af höfundum skýrslu um ástand Reykjavíkurtjarnar sem afhent var Reykjavíkurborg í gær.

Í skýrslunni kemur fram að magn saurgerla, þungmálma og næringarefna í tjörninni sé langt yfir viðmiðunarmörkum.

„Það er vitað að nokkrar af bakt-eríuteigundunum í saurgerlaflór-
unni eru sjúkdómsvaldar,“ segir Hilmar. „Ef ég ætti kornabarn og væri á gangi við gosbrunninn vildi ég ekki láta það fara undan vindi.“

Skýrslan var unnin af Náttúrufræðistofu Kópavogs. Ástand tjarnarinnar var kannað frá maí á síðasta ári til apríl í ár. Saurmeng-

unin er rakin til fugladrits og skólplosunar. Övenjumikið er um fugla á litlu svæði við tjörnina. Er það einkum vegna brauðgjafar.

Skólplosunin stafar líklega frá flugvallarsvæðinu í Vatnsmýrinni. Ekki er ljóst hvort hún er tilkomin fyrir mistök, en óheimilt er að losa skólp í tjörnina.

Þungmálmamengunin stafar einkum frá umferð bifreiða nálægt tjörninni. Hugsanlega stafar þó hluti mengunarinnar frá gömlum sorphaugum sem nú eru grafnir undir Hljómskálagarðinum.

Prengt hefur verið að tjörninni frá flestum áttum og eru bakkar hennar nú að mestu manngerðir. Fyrir vikið hefur geta lífríkisins í tjörninni til að taka við og vinna úr mengandi efnum minnkað. Hætta

er einnig talin vera á mengun frá flugvallarsvæðinu, meðal annars vegna notkunar afisingarefna og olíu.

Meðal sýnilegustu áhrifa mengunarinnar á lífríki tjarnarinnar er að rauðleita plantan síkjamari sem áður var algeng í er horfin. Aukið magn blágrænuþörungna hefur gert vatnið gruggugra. Skýrslu-
höfundar leggja fram ýmsar til-
lögur til að bæta ástandið. Meðal
tillagna er að fjarlægja efsta hluta
botnslags tjarnarinnar, sem meng-
aður er af þungmálum. Að gróð-
ursettur verði síkjamari í tjörnina
á ný, en hann getur átt þátt í
hreinsun hennar. Að tekið verði
fyrir það að skólp renni í tjörnina.
Og að takmörkuð verði brauðgjöf
til fugla.

- gh

Vanskil hafa stóraukist:

Innheimtan aldrei erfiðari

VIÐSKIPTI Vart verður nú við vanskil stærri fyrirtækja sem ekki hafa áður verið í vandræðum með lausafé.

„Áður fyrr höfðu menn ekkert sérstakar áhyggjur þó að greiðslur drægust í einn til fjóra mánuði en nú er farið að herða á innheimtuferlunum, því fyrirtækin eru jafnvel sjálf í vanskilum,“ segir Davíð Benedikt Gíslason, framkvæmdastjóri Momentum. Róðurinn hefur þungst hjá fyrirtækjum sem gerir það að verkum að innheimta hefur reynst erfiðari.

- gh / sjá Markaðinn



ÓMAR RAGNARSSON Viðtal Ómars við bóndann á Uppsölum var eftirminnilegt.

Ómar og Árni Johnsen:

Safn um Gísla á Uppsölum

FÓLK Ómar Ragnarsson og Árni Johnsen vinna nú ásamt fleirum að endurbótum á bænum Uppsölum í Selárdal þar sem einbúinn Gísli Gíslason bjó. Ráðgert er að bærinn verði safn um minningu hans. Safnið verður opnað á næsta ári.

Gísli á Uppsölum varð landsfrægur eftir að hann birtist í Stiklu-þætti Ómars snemma á níunda áratugnum. Meðal muna á safninu verður sjónvarp sem Jón Páll Sigmarsson færði honum og frægt varð. Gísli lést árið 1986 en í fyrra voru hundrað ár liðin frá fæðingu hans.

Mikil uppbygging virðist vera í Selárdal því einnig hefur verið unnið að endurbótum á bæ Samúels Jónssonar og listaverkum hans.

- glh / sjá síðu 24



SAUMASKAPUR VIÐ ÁRBÆJARSAFNIÐ Fjórar þjóðlegar yngismeyjar í Árbæjarsafninu notuðu góða veðrið í gær til þess að þrjóna. Í dag verður frítt inn á Árbæjarsafnið í tilefni mikillar veðurbliðu. Gestum og gangandi verður boðið að spóka sig um og fá jafnvel örlitla hvíld frá hitanum í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Utanríkisráðuneyti Bandaríkja bregst við beiðni utanríkisráðherra Íslands:

Leyniskjöl um Laxness komin

UTANRÍKISMÁL Þrettán bandarísk skjöl um ferðir og atferli Halldórs Laxness í kalda stríðinu eru komin til landsins og voru send fjölskyldu hans með pósti í gær.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fór þess á leit við utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna í janúar að fjölskyldunni yrði leyft að sjá leynileg skjöl um Halldór.

„Þetta er það sem kom í hús í gær [fyrradag]. Ég hef ekki haft ráðrúm til að fara yfir þetta, en ég sendi þau áfram og læt fjölskyldunni eftir að ákveða framhaldið,“ segir hún.



HALLDÓR LAXNESS

að heimta skjöl frá bandarísku alríkislögreglunni, FBI. Skrifstofa Obama sagðist hafa kannað þetta. Höfnun FBI væri endanleg.

Fjölskylda skáldsins hafði ekki fengið skjölin í hendur í gær, en Halldór Þorgeirsson, tengdasonur skáldsins, var efins um að hér væru FBI-skjölin frægu komin.

„Þetta eru líklega ekki merki-
leg gögn. En slagurinn er ekki
búinn. Við knýjum dyra þangað
til þeir gefast upp,“ segir hann.

Heimildir herma að skjölin
sem komu í fyrradag séu skýrslur
um samskipti Laxness við
Bandaríkjamenn, með hverjum
hann hafi snætt og hvar.

- kóp

OPIÐ

til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Ölöf, er Æsufellið gróðrarstía fyrir skemmdarvarga?

„Nei, langt því frá.“

Skemmdarverk voru unnin á gróðri í borgarlandi við Æsufell. Ölöf Anna Ólafsdóttir er hverfisstjóri garðyrkjueldar í Efra-Breiðholti og Mjódd.



ÚR SKORRADAL Góður útbúnaður varð fólkinu til happs.

FRÉTTABLAÐIÐ/SVEIN

Hjón um borð björguðust:

Skútu hvolfði á Skorradalsvatni

SLYS Hjón sluppu ómeidd þegar skútu sem þau voru um borð í hvolfði á Skorradalsvatni um miðjan dag í gær.

Það varð hjónunum til happs að þau voru bæði vel útbúin. Auk þess að vera í björgunarvestum voru þau einnig í flotgöllum.

Björgunarsveitir höfðu verið kallaðar út en þegar þær komu á vettvang hafði fólkinu verið bjargað. Menn sem voru að byggja flotbryggju sáu til þeirra og fóru eftir þeim þegar þau voru að synda í land. Hjónin voru í vatninu í um það bil fimmtán mínútur og varð ekki meint af volkinu.

- hpj

Árásin í Heiðmörk:

Einn fannst í gærmorgun

LÖGREGLUMÁL Einn þriggja manna sem lögregla hefur leitað vegna hrottafenginnar árásar í Heiðmörk aðfaranótt sunnudags fannst í gærmorgun og var yfirheyrður í gær. Hinna tveggja var enn leitað síðdegis í gær.

Einn maður var handtekinn strax um helgina en sleppt síðdegis á sunnudag.

Maðurinn sem ráðist var á komst við illan leik að verslun Bónuss við Kaupþún í Garðabæ eftir árásina. Þar setti hann af stað þjófavarnarkerfi og var í kjölfarið komið til hjálpar.

Árásarmennirnir eru sagðir handrukkarar.

- ht



Grill og ostur

– ljúffengur kostur!



PICTA/ROBERTA

Yfir 27 stiga hiti á Þingvöllum í gær og hitabylgjan heldur áfram í dag:

Nógur ís til ennþá í búðinni

VEÐUR „Fólk keypti endalaust af ís,“ segir Hjörleifur Einarsson, starfsmaður í Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum þar sem heitast var á landinu í gær, 27,1 gráða þegar mest lét síðdegis.

Að sögn Hjörleifs var nokkuð um ferðamenn á Þingvöllum í gær og virtust þeir taka hitabylgjunni af æðruleysi. Auk þess að raða í sig ís hafi ferðamennirnir keypt mikið af vatni. Hjörleifur segir allt til reiðu á Þingvöllum fyrir þann áframhaldandi hita sem veðurfræðingar gera ráð fyrir næstu daga. „Við eigum nógan ís til ennþá,“ bendir hann á.

Hitinn hefur áður verið meiri á

Þingvöllum. Til dæmis fór hann í 29 stig í hitabylgjunni miklu í ágúst 2004. Hitametið á landinu öllu er frá Teigarhorni. Hitinn þar fór í 30,5 gráður í júní 1939.

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að í dag sé útlit fyrir jafnvel ívið meiri hlýindi en í gær á suðvestan- og vestanverðu landinu.

„Það er löngu orðið tímabært að hitametið í Reykjavík fari veg allrar veraldar. Mesti hitinn þar mældist 24,8 stig þann 11. ágúst 2004. Það má alveg bæta við það,“ segir Einar sem telur aðstæður þó ekki þannig núna að hitamet geti fallið.

- gar



HITABYLGJA Hitinn fór yfir tuttugu stig í Reykjavík í gær og kældu þessar ungu stúlkur sig í vatnslístaferki á Ingólfstorgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FORSÆTISRÁÐHERRA Í RÆÐUSTÓL Þórarinn V. Þórarinnsson, fyrrum framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, og Ari Skúlason, fyrrum hagfræðingur hjá Alþýðusambandinu, segja skorta skýra stefnu frá stjórnvöldum í efnahagsmálum.

Kallað eftir forystu frá stjórnsmálalífínu

Uggur vegna skuldsetningar og efnahagsástands getur verið sá jarðvegur sem ný þjóðarsátt sprettur úr. Breytt þjóðfélagsskipan gerir það að verkum að atvinnulífið dregur ekki vagninn að þessu sinni. Sammælast þarf um aðgerðir.

VIÐSKIPTI Eigi að komast á þjóðarsátt um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum þjóðarinnar þarf forystan um þær að koma frá stjórnsmálamönnunum. Þetta segja þeir Þórarinn V. Þórarinnsson, lögfræðingur og fyrrum framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, og Ari Skúlason hagfræðingur sem áður var hjá Alþýðusambandinu.

Þórarinn og Ari fara í opnuviðtali í Markaðnum í dag yfir það hvort byggja megi á reynslunni frá 1990 þegar þjóðarsáttarsamningarnir

voru gerðir, við að leysa úr efnahagsvanda dagsins í dag.

Þeir segja allar aðstæður gjörbreyttar, enda hafi þjóðfélagið verið meira ríkisstýrt í þá daga, meðan vald er nú dreifðara og fyrirtæki sjálfstæðari. Þeir segja ljóst að nauðsynlegar umbætur geti orðið um margt sársaukafullar, svo sem á vettvangi fjármála ríkis og sveitarfélaga. „Svo verða ríki og borg að taka höndum saman um sóknarsýn í orkuáðum,“ segir Þórarinn.

Þeir benda hins vegar á að á vettvangi stjórnsmálanna sé nú einhver

sterkasti stjórnarmeirihluti í manna minnum og ætti því að vera hægt að sammælast um stefnuna. Aðalmálið sé að stefnan sé skýr, bæði innan lands og utan. Ljóst sé þó að ýmislegt þurfi að endurskoða. Þannig kunni hlutir á borð við sveigjanleika, sem áður hafi verið taldir til styrkleika efnahagslífsins, að vera veikleikar. Krónan sé of lítil til að þjóna hagsmunum fyrirtækja, einstaklinga eða jafnvel ríkisins og leita verði nýrra leiða hvað gjaldmiðillinn varði.

oligr@markadurinn.is / sjá Markaðinn

Miriam Rose segir starfsmenn OR hafa sýnt Saving Iceland mikinn hlýhug:

Fengu stakka frá Orkuveitunni

UMHVERFISMÁL Starfsmaður Orkuveitunnar (OR) sótti í gær fjóra regnstakka, merktta fyrirtækinu, til lögreglunnar á Akranesi. Félagar í Saving Iceland (SI) höfðu verið í þeim þegar þeir voru handteknir við mótmæli nýlega.

Miriam Rose, talsmaður Saving Iceland, segir að starfsmenn OR hafi komið í tjaldbúðir SI og haft áhyggjur af því að mótmælendunum væri kalt.

„Þeir hafa verið afar vingjarnlegir og greinilega með hugann við almannatengslin. Þeir komu til okkar og spurðu hvort okkur liði vel og hafa verið eins og okkar bestu vinir,“ segir hún. Mennirnir hafi skilið jakkana eftir.

Sjálf var Miriam ekki á staðnum þegar þetta gerðist og henni líkaði það ekki alls kostar vel þegar hún sá stakkana.

„Það var rætt um þetta í búðunum og ég held að sá sem tók við jökkunum hafi kannski ekki verið meðvitaður um að þetta væri frá Orkuveitunni. En þetta þýðir alls ekki að við séum farin að taka við framlögum frá fyrirtækinu. Ég hefði viljað skila fötunum,“ segir hún og er glöð að heyra að lögreglan hafi tekið af henni ómakioð.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, vissi ekki í gær hvernig samtökin komust yfir klæðnaðinn.

Sjö félögum SI var sleppt úr haldi í gær eftir að ákæra á hendur þeim var þingfest fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Fólkið neitaði sök og verður málið tekið fyrir að nýju 19. ágúst. OR og Klæðning gera kröfu um hálfa milljón króna í bætur vegna vinnustöðvunar á Hengilssvæðinu.

- kóp, ht

Tilkynnt um hjólréiðaslys:

Ekki slasaður heldur sofandi

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um slasaðan mann á Fiskilækjarmelum í fyrradag.

Bæði lögreglan og sjúkraliðið á Akranesi fóru með hraði til að sinna manningum. Þegar komið var á staðinn kom á daginn að maðurinn var alls ekki slasaður heldur var þetta erlendum hjólréiðamaður að hvíla sig. Maðurinn er á ferðalagi í kringum landið og hafði aðeins lagt sig í vegkantinum. Að sögn lögreglu hafði sá sem tilkynnti um manninn ekki séð sér fært að stoppa og kanna aðstæður heldur aðeins hringt og haldið síðan fór sinni áfram.

- hpj

Mannréttindabrot í Kenía:

Herinn sakaður um pyntingar

KENÍA, AP Mannréttindasamtökin Human Rights Watch hvetja Bretland og Bandaríkin til að hætta öllu hernaðarsamstarfi við Kenía.

Að sögn samtakanna veittu Bretar aðstoð við þjálfun kenískra hermanna, sem nú eru sakaðir um pyntingar og morð.

„Breska þjóðin ætti að hafa áhyggjur af því að fé þeirra sé varið í að þjálfra hermenn sem grunaðir eru um pyntingar, morð og mannhvörf,“ segir Ben Rawlance, sem skrifaði nýja skýrslu frá samtökunum um þessi efni.

- gb



ÞJÓÐERNISSINNAR Mannfjöldinn veifaði myndum af Karadzic.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Belgrad:

Tugir þúsunda styðja Karadzic

SERBÍA, AP Tugir þúsunda Serba komu saman í miðborg Belgrad í gær til að mótmæla fyrirhuguðu framsali Radovans Karadzic, fyrrverandi leiðtoga Bosníu-Serba, til stríðsglæpadómstólsins í Haag.

Fjölmennt lið lögreglumanna tók á móti mótmælendum og var búist við óeirðum þegar líða tæki á kvöldið.

Boris Tadic, forseti Serbíu, hefur fengið líflátshótanir frá hörðum stuðningsmönnum Karadzic.

Karadzic verður ekki framseldur fyrir en dómstóli í Serbíu hefur borist áfrýjunarbeiðni frá lögmanni hans.

- gb



STAKKARNIR GÓÐU Einn liðsmaður Saving Iceland virðist hafa tekið sig til og límt yfir nafn Orkuveitunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VIÐ LAGFÆRUM BIRGÐASTÖÐUNA

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavinum okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

100%
FJÁRMÖGNUN

**Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN
MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG
ERLENDRI MYNTKÖRFU**

- 520.000 kr.



Nissan X-Trail SE

Verð: 4.610.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **4.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 57.511 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,44%



- 470.000 kr.



Nissan Qashqai SE

Verð áður: 3.890.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.420.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 48.135 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,46%

- 550.000 kr.



Nissan Murano

Verð: 7.340.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **6.790.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 95.294 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,40%

Verð bílanna miðast við gengi 18. júlí

100% fjármögnun á nýjum bíl frá Nissan

Við bjóðum þér að taka allt að 100% lán fyrir nýjum Nissan. Útborgunin er þá engin og mánaðargreiðsla miðast við Bílasamning til 84 mánaða – myntkörfu sem er 50% erlend mynt / 50% íslensk króna. 100% lán er í boði á takmörkuðum fjölda bíla.

*Í útreikningum á mánaðargreiðslu hvers bíls er miðað við 20% útborgun og 84 mánaða samningstíma. Myntkarfa 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

GENGIÐ 29.07.2008

GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	80,19	80,57
	Sterlingspund	159,6	160,38
	Evra	126,14	126,84
	Dönsk króna	16,904	17,002
	Norsk króna	15,625	15,717
	Sænsk króna	13,349	13,427
	Japanskt jen	0,7447	0,7491
SDR		130,46	131,24

GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR

161,9275

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kynnisferðir vilja varúðarskilti: Vilja borga skilti í fjörunni

NÁTTÚRA Ferðapjónustufyrirtækið Kynnisferðir hefur boðist til að kosta gerð og uppsetningu á upplýsinga- og varúðarskilti í fjörunni við Dyrhólaey.

Tveir þýskir ferðamenn voru hætt komnir í fjörunni í síðustu viku og í kjölfarið var rætt um uppsetningu á varúðarskiltum þar. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, sagði við Fréttablaðið í síðustu viku að ekki stæði til að reisa slík skilti.

Sveitarstjóri ætlar að fara yfir málið með landeigendum og björgunarsveitum eftir helgina, samkvæmt því sem Þórarinn Þór, markaðsstjóri Kynnisferða, sagði í samtali við Vísir.is.

- þeb

Grunaður um þjófnað: Letti í farbann

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Sauðárkróki handtók á mánudag lettneskan mann sem grunaður er um að hafa stolið vörum upp á hálfá milljón króna úr þremur fyrirtækjum í Skagafirði. Í fyrrinótt var hann svo úrskurðaður í farbann sem gildir til 8. september.

Maðurinn er sterklega grunaður um að hafa nýtt sér aðstöðu sína sem starfsmaður hringerningafyrirtækis við brotin.

Maðurinn flutti í Skagafjörð fyrir tveimur mánuðum og er talinn hafa hafist handa við þjófnaðinn skömmu eftir komuna.

- ges

LÖGREGLUFRÉTT

Kannabisrækt á Reykhólum

Húsleit var gerð í húsi á Reykhólum fyrir helgi. Grunur lék á að þar væru ólögleg fíkniefni. Í húsinu fundust fjórar kannabispöntur í ræktun ásamt marijúana og neysluáhöldum. Maður játaði að eiga pönturnar og áhöldin og var sleppt að loknum yfirheyrslum.

SIEMENS

Ryksuga

VS 01E1800

Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stillanlegt afl mótors frá 300 upp í 1800 W. Sjálfinndregin snúra, hleðsluskynjari. 3 lítra poki. Vinnuradius: 8 m. Vinnuholt handfang. Stillanleg lengd á sögröri.



Tilboðsverð: 9.900 kr. stgr.

(Verð áður: 12.700 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is

4

FRÉTTABLAÐIÐ

30. júlí 2008 MIÐVIKUDAGUR

Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli hóta að ganga út á morgun:

Millilandaflug gæti fallið niður

KJARAMÁL Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli ganga út á morgun að öllu óbreyttu, segir Borgar Valgeirsson trúnaðarmaður þeirra. Millilandaflug mun leggjast niður ef af þessu verður.

Borgar segir slökkviliðsmenn á vellinum, sem eru um sextíu, uggaði yfir fyrirhugaðri kjaraskerðingu.

„Ef breytt starfsfyrirkomulag tekur gildi hinn 1. ágúst eins og tilkynnt var í lok apríl munu grunnlaun okkar lækka um fimmtán til tuttugu prósent,“ segir Borgar. „Við lítum í raun og veru á breytingarnar sem uppsögn á kjarasamningum,“ segir hann. Í

gær fór fram kjarafundur og á morgun taka slökkviliðsmenn afstöðu til þess sem þar kom fram.

Breytingarnar felast í því að slökkviliðsmenn munu hætta að sinna störfum sem tilheyra ekki venjulegri starfslýsingu slökkviliðsmanna. Þetta eru til dæmis þríf og frágangur á slökkvistöðinni. Við þessa breytingu fækkar vinnustundum þeirra um tuttugu stundir.

Ólafur Ásmundsson slökkviliðstjóri telur hins vegar að sættir muni nást. „Það er augljóst að það þarf að ráðast í breytingar á okkar upprunalegu tillögum og við erum

AÐ STÖRFUM Slökkviliðsmenn eru ósáttir við breytt starfsfyrirkomulag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tilbúnir til þess að gera það. Við vonumst til að ná góðri lendingu í þessu máli,“ segir hann en bætir svo við að atvinnurekendum sé heimilt að breyta starfsfyrirkomulagi sem þessu.

- ges

Jarðskjálfti í Suður-Kaliforníu:

Skjálftin mældist 5,4 á Richter

BANDARÍKIN Jarðskjálfti sem mældist 5,4 á Richter gekk yfir Suður-Kaliforníu í gær. Engan sakaði og ekki er vitað til þess að skemmdir hafi orðið á mannvirkjum. Eftirskjálftar voru nokkrir en ekki mjög stórir.

Upptök skjálftans, sem sagður er hafa legið grunnit, voru í Chino-hæðum suðaustur af miðborg Los Angeles. Jarðskjálftinn fannst í San Diego í suðurátt og í Las Vegas sem er í tæplega 350 kílómetra fjarlægð. Síðasti stóri jarðskjálfti sem gekk yfir borgina varð árið 1994 og var sá 6,7 á Richter. Þá létust 57 manns.

- hþj

Slit Doha-viðræðna slæm fyrir íslenska neytendur

„Ekkert fagnaðarefni fyrir íslenska bændur,“ segir formaður Bændasamtakanna. Landbúnaðarráðherra segir óvarlegt að Íslendingar búi sig undir annað en breyttan veruleika fyrir íslenskan landbúnað.

ALPJÓÐAVIÐSKIPTI Doha-viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var slitið í Genf í gær án niðurstöðu þegar ljóst varð að Bandaríkin, Kína og Indland myndu ekki ná samkomulagi um það hvenær fátæk ríki geta beitt verndartollum á landbúnaðarvörur.

Phil Goff, viðskiptaráðherra Nýja-Sjálands, segir ólíklegt að reynt verði á ný fyrr en um mitt næsta ár að ná samkomulagi. Peter Power, talsmaður Evrópusambandsins, sagði niðurstöðuna „gríðarlegt högg fyrir traust manna á alþjóðlegu efnahagslífi“.

ERLENDUR HJALTASON

Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs Íslands, segir endalok viðræðnanna vera „slæmar fréttir fyrir íslenska neytendur, enda fólst í hugsanlegum alþjóðasamningi umtalsverð kjarabót í formi tollalækkana. Óljóst er hvað kemur í stað þessa samkomulags og er það háð vilja íslenskra stjórnvalda hverju sinni, en þau geta tekið af skarið og lækkað tolla einhliða á landbúnaðarvörum. Vonir mínar standa til að svo verði gert.“

Samingaviðræður hafa staðið yfir með hléum í sjö ár án þess að árangur hafi náðst. Markmið viðræðnanna var að semja um aukið frelsi í milliríkjaviðskiptum með landbúnaðarvörur og iðnvörur, en strandað hefur á því að fátækari ríki vilja geta varið innan-

VIÐRÆÐUM SLITIÐ Susan Schwab, viðskiptafulltrúi Bandaríkjanna, skýrir frá því að upp úr viðræðunum hafi slitnað í Genf.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EINAR K. GUÐFINNSSON

HARALDUR BENEDIKTSSON

landsframleiðslu sína gegn stórtækum innflutningi eða verðhruni.

Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra segir þessi málalok í sjálfu sér ekki koma á óvart: „Þótt menn hafi verið nokkuð

bjartsýnir fyrir fáum dögum þá var ljóst að nokkur minni atriði stóðu út af sem ágreiningur var um.“

Hann segist þó sannfærður um að áður en langt um líður verði reynt að ná samningum um þessi efni.

„Frá sjónarhóli okkar Íslendinga, sem þurfum að búa okkur undir breyttan veruleika, meðal annars í sambandi við landbúnað, er að minnsta kosti óvarlegt að gera ráð fyrir öðru en að niðurstaðan verði á svipuðum nótum og þarna var að nást, og það verði frekar fyrr en síðar.“


Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir

það heldur ekki koma á óvart að slitnað hafi upp úr viðræðunum í Genf, „og það er ekkert fagnaðarefni fyrir okkur vegna þess að þessu fylgir óvissa á meðan samningar hafa ekki tekist. Það er engin bót að viðræðurnar dragist þó að niðurstaðan hefði orðið okkur býsna erfið.“

Hann segir kristallast í þessu öllu að stærri iðnríkin „geta ekki unnt öðrum smærri ríkjum að skapa sér rými fyrir innlendan landbúnað svo hann hafi eitthvert skjól gagnvart stóru útflutningsríkjunum, sem geta gert ýmislegt í krafti stærðar sinnar“.

gudsteinn@frettabladid.is
gunnlaugurh@frettabladid.is

VEÐURSPÁ





Sigurður P. Ragnarsson

veður-
fræðingur

HLÝRRA Í SUMAR EN Í FYRRA

Í gær fór hitinn í 27,1 stig á Þingvöllum og 26 stig á Hjarðarlandi í Biskupstungum. Þetta eru auðvitað tíðindi þar sem þetta er töluvert hærri hitatölur en hæst urðu síðasta sumar. Þá varð hlýjast 24,6 gráður á Hjarðarlandi. Í dag eru horfur á enn meiri hlýindum.

Á MORGUN

5-10 m/s.

FÖSTUDAGUR

5-13 m/s, hvassast syðst.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	24°
Billund	26°
Ósló	27°
Stokkhólmur	24°
Gautaborg	26°
Helsinki	22°
Eindhofen	29°
Amsterdam	26°
London	25°
Berlín	29°
Frankfurt	32°
Friedrichshafen	29°
París	30°
Basel	31°
Barcelona	29°
Alicante	31°
Algarve	28°
Tenerife	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Besti árangur
í níu af ellefu flokkum

Kaupþing sýnir bestan árangur í níu
af ellefu flokkum verðbréfa- og fjár-
festingarsjóða síðustu 12 mánuði skv.
hlutlausu mati á vefsíðunni sjodir.is.

SJÓÐIR KAUPÞINGS

ÁVÖXTUN SÍÐASTLIÐNA 12 MÁNUÐI

SKULDABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 30. júní 2008

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Peningamarkaðssjóður ²	15,0%
Kaupthing Liquidity Fund EUR ²	53,9%
Kaupthing Liquidity Fund USD ²	33,4%
Kaupthing Liquidity Fund GBP ²	27,3%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - STUTT/BLANDAÐUR

Hávaxtasjóður ²	19,5%
Kaupþing Skuldabréf - Stutt ²	16,8%
Skammtímasjóður ²	17,7%

ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG/RÍKIS.

Ríkisverðbréfasjóður - millilangur ¹	20,0%
---	-------

ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG/BL.

Kaupþings Skuldabréf - Millilöng ²	20,6%
---	-------

ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG/RÍKISS.

Ríkisverðbréfasjóður- langur ¹	21,2%
---	-------

ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG/BLANDAÐUR

Kaupþing Skuldabréf - Löng ²	23,3%
---	-------

ALÞJÓÐLEG SKULDABRÉF

Kaupþing Erlend skuldabréf ²	4,4%
Kaupthing Fund US Bond ¹	34,5%

HLUTABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 30. júní 2008

ÍSLENSK HLUTABRÉF

ICEQ - ETF ¹	-46,7%
Úrvalsvísitölusjóður ¹	-46,7%
Heildarvísitölusjóður ²	-42,5%
ÍS -15 ²	-46,4%
Úrvalsvísitalan / OMXI15 (viðm.vísitala) ³	-47,3%

ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL

Kaupthing Fund - Global Value ¹	15,8%
Kaupþing Erlend hlutabréf ISK ²	28,2%
Heimsvísitalan/MSCI World Index(viðm.) ³	10,7%

ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR

Kaupthing Fund - Nordic Growth ¹	7,3%
Kaupthing Scandinavian Fund ¹	13,8%
Kaupthing Green Growth Fund ^{1*}	28,8%
KMS Asia Pacific ¹	10,8%
KMS Emerging Market ¹	34,4%
KMS Europe ¹	13,3%
KMS North America ¹	6,0%
Heimsvísitalan/MSCI World Index(viðm.) ³	10,7%

BLANDAÐIR SJÓÐIR - INNLEND VERÐBRÉF

Eignastýringarsjóður ²	-1,2%
Kaupþing Samval ²	-4,6%

LÍFEYRISSPARNAÐUR

Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 30. júní 2008

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi 1	5,9%
Frjálsi 2	14,4%
Frjálsi 3	21,0%

LÍFEYRISAUKI

Lífeyrisauki 1	-0,3%
Lífeyrisauki 2	2,8%
Lífeyrisauki 3	7,8%
Lífeyrisauki 4	12,8%
Lífeyrisauki 5	19,5%
Innlend hlutabréf	-45,2%
Erlend hlutabréf	12,4%
Innlend skuldabréf	18,0%

VISTA

Vista 1	-0,5%
Vista 2	2,9%
Vista 3	7,4%
Vista 4	13,1%
Vista 5	19,6%
Innlend hlutabréf	-43,8%
Erlend hlutabréf	11,4%
Innlend skuldabréf	16,9%

Allar ávöxtunartölur eru í ISK

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Ráðgjöf Kaupþings í síma 444 7000, í Borgartúni 19 og á radgjof@kaupthing.is



*tók til starfa 19. nóvember 2007

¹Verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., sem er dótturfélag Kaupþings banka hf. Fjárfesting í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum er áhættusöm. Fyrri árangur sjóðsins gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur sjóðsins í framtíð. Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem hægt er að fá á sjóðasíðu Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir.

²Fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., sem er dótturfélag Kaupþings banka hf. Fjárfesting í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum er áhættusöm. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telet vera áhættumeiri en fjárfestingar í verðbréfasjóði. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Fyrri árangur sjóðsins gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur sjóðsins í framtíð. Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem hægt er að fá á sjóðasíðu Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir.

³Upplýsingar fengar af upplýsingaveitu Bloomberg

Kaupþing er með sjóði í ellefu af þeim þrettán flokkum sem sjodir.is birtir og þar af með besta árangur í níu flokkum

KJÖRKASSINN



Ætlar þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

Já 13,1%
Nei 86,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú farið í sund í sumar?

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Ásmundur hinn kvótalausi:

Veiddi 750 kíló án kvóta í gær

SIÁVARÚTVEGUR „Við fiskuðum um 750 kíló en vorum nú ekki lengi, bara fimm tíma enda orðnir gamlir menn,“ segir Ásmundur Jóhannsson, sjómaður í Sandgerði, eftir veiðitúr í gær.

Hann hefur undanfarnar vikur farið til sjós og fiskað án kvóta til að mótmæla kvótakerfinu, sem hann segir „stærsta glæpamál Íslandssögunnar“. Ásmundur var alveg látinn í friði í gær, en undanfarið hefur Landhelgisgæslan haft afskipti af veiðum hans. „Þetta var eins aumingjalegt og það gat verið. Engar flugvélar og engin herskip,“ segir Ásmundur en með herskipum á hann við Landhelgisgæsluskipin.

- vsp



ÁSMUNDUR JÓHANSSON

PAKISTAN

Lögreglumönnum rænt

Íslamskir skæruliðar rændu tæplega þrjátíu lögreglu- og hermönnum í Norðvestur-Pakistan í gær. Skæruliðarnir sögðust vera að hefna þess að stjórnvöld hafi ekki staðið við friðarsamninga við talibana sem dveljast við landamærin að Afganistan.

Breyta þarf aðalskipulagi vegna ólögmætis jarðvegslosunar á Hólmsheiði:

Verulegt óhagræði af losunarúrskurði

SKIPULAGSMÁL Borgaryfirvöld ætla að gera breytingar á aðalskipulagi og svæðisskipulagi Hólmsheiðar til að stækka megi losunarsvæði þar fyrir jarðefni.

Eins sagt var frá í Fréttablaðinu í gær ógilti úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála deiliskipulag frá því í nóvember og framkvæmdaleyfi frá í apríl sem gerði ráð fyrir þrettán hektara viðbót við tuttugu hektara losunarsvæði á Hólmsheiði. Landeigandi í Almannadal vestur af svæðinu hafði kært ákvarðanir borgaryfirvalda í málinu og úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að losunin samrýmdist

hvorki aðalskipulagi né svæðisskipulagi.

Að sögn Högna Jónssonar umsjónarmanns var allri losun á nýja svæði hætt þegar kæran barst og þess í stað haldið áfram að fylla innan þeirra marka sem sett voru með fyrra leyfi frá árinu 2001. „Við höfum í mesta lagi nokkra mánuði áður en eldra svæðið er fullnýtt en það er verst að þetta hefur skapað verulegt óhagræði fyrir alla vinnu hér,“ segir Högni.

Gert verður ráð fyrir því að vinnu við nýtt aðalskipulag verði hraðað svo unnt verði að stækka losunarsvæðið sem fyrst, í samræmi við það sem áður var ákveðið.

- gar



LOSUN Á HÓLMSHEIÐI Jarðvegslosun á nýtt svæði til suðurs var hætt eftir að kæra barst og þess í stað haldið áfram að losa á eldra svæði til austurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verðlaunatillögu breytt vegna sjónarmiða borgaryfirvalda

Vinningstillögu að nýrri byggingu Listaháskóla Íslands verður breytt svo hún falli að kröfum borgaryfirvalda um útlit Laugavegarins. Ný útfærsla gæti legið fyrir eftir fjórar vikur, segir formaður skipulagsráðs.

SKIPULAGSMÁL „Nú þarf þetta að fara í gegnum ákveðið ferli og við teljum okkur geta lokið því á fjórum vikum eða svo,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Á fundi sem fulltrúar Listaháskóla Íslands og félagsins Samson Properties áttu með Hönnu Birnu í gær var farið yfir fjögurra milljóna króna verðlaunatillögu +Arkitekta að nýbyggingu Listaháskóla Íslands sem ætlað er að risi á Frakkastígsreit. Tillagan verður fyrst tekin fyrir í skipulagsráði eftir viku en Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur sem kunnugt er þegar lýst því yfir að borgaryfirvöld muni ekki samþykkja hana óbreytta.

Hanna Birna segir fundinn í gær hafa verið mjög góðan og jákvæðan. „Þeir fóru yfir það með mér hversu vel þeir telja tillöguna



VERÐLAUNATILLAGAN Útfærsla +Arkitekta hentar Listaháskóla Íslands afar vel að mati forsvarsmanna skólans en fellur síður að hugmyndum borgaryfirvalda um götumynd Laugavegarins. MYND/+ARKITEKTAR

mæta þörfum skólans. Ég hef sagt að ég tel tillöguna að mörgu leyti afar góða og sé þá kosti sem Listaháskólinn er að hugsa um. En ég hef líka sagt að ég tel okkur að ákveðnu leyti bundin af bókun skipulagsráðs um útlit húsa við Laugaveg og um að reyna viðhalda götumyndinni eins og kostur er. Þess vegna vildi ég fá tækifæri til að fara yfir málið,“ segir hún.

Hjálmar Ragnarsson, rektor Listaháskólans, segir fundinn með formanni skipulagsráðs hafa verið



HJÁLMAR RAGNARSSON

tillögunni í örugga höfn,“ segir Hjálmar.

ánægjulegan.

„Við fögnum því að hafin sé vitsmunaleg og málefnaleg umræða um þetta mál og treystum því að í samvinnu við formanninn takist okkur að koma vinnings-

Hanna Birna kveðst afar bjartsýn á að góð lausn finnist á næstu vikum sem bæði tryggi þarfir Listaháskólans og taki mið af sjónarmiðum borgaryfirvalda. „Þeir í Listaháskólanum sýna því fullan skilning að þetta þarf að fara í gegnum ákveðið lýðræðislegt ferli. Verðlaunatillagan er unnin af færum arkitektum og ég er sannfærð um að skólinn muni rísa þarna í góðu framtíðarhúsnæði,“ segir formaður skipulagsráðs.

gar@frettabladid.is

Árni Johnsen unír Agnesi Bragadóttur ekki að kalla hann stórslys og reginhneyksli:

Árni krefur Agnesi um fimm milljónir

DÓMSMÁL Alþingismaðurinn Árni Johnsen hefur ákveðið að stefna Agnesi Bragadóttur, blaðamanni á Morgunblaðinu, fyrir ummæli sem hún lét falla í útvarpsþættinum Í bítíð á Bylgjunni hinn níunda júlí síðastliðinn.

Í þættinum sagði Agnes Árna dæmdan glæpamann. Hann hefði orðið mútupægur og verið dæmdur fyrir umboðssvik. Þá kallaði hún hann reginhneyksli og stórslys.

Einar Hugi Bjarnason, lögmaður Árna, segir að farið verði fram á að ummælin verði dæmd dauð og ómerk og þar að auki fimm milljónir króna í miskabætur.

„Þessi ummæli voru náttúrulega þess eðlis að þau voru sérstaklega rætin,“ segir Einar. „Árni telur að hann hafi orðið fyrir verulegri röskun og óþægindum vegna þeirra,“



AGNES BRAGADÓTTIR Lögmaður Árna Johnsen segir ummæli Agnesar, blaðamanns Morgunblaðsins, í morgunþætti Bylgjunnar hafa verið sérstaklega rætin.

segir hann og bendir á að ummælin hafi fallið í vinsælum útvarpsþætti og því náð til fjölda fólks.

„Árni Johnsen hlaut uppreisn æru frá forseta Íslands í kjölfar þessa dóms og það er beinlínis ákvæði í hegningarlögum sem sett er til verndar æru manna þegar svo

háttar til,“ segir Einar. Þar vísar hann til 238. greinar almennra hegningarlaga, þar sem segir að „hafi maður, er sætt hefur refsiddómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlast uppreist æru, [sé] ekki heimilt að bera hann framar þeim sökum.“

- sh

Hentugt við grillið
- einnota diskar, glös, bollar og hnifapör

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

Electrolux

- ✓ Barkalaus þurrkari
- ✓ Rakaskynjari - stoppar sjálfur þegar þvotturinn er þurr
- ✓ Kerfi fyrir viðkvæman eða venjulegan þvott
- ✓ Tekur allt að 6 kg af taui
- ✓ Krumpuvörn og niðurkæling á taui
- ✓ Þriggja ára ábyrgð
- ✓ Verð áður kr. 84.900

Verð nú 74.900

ÞÚ SPARAR 10.000

appliance

- ✓ 30 lítra hitakútur með öryggisloka
- ✓ Tilvalið í sumarbústaðinn
- ✓ Burstað stál
- ✓ Verð áður kr. 19.900

Verð nú 16.900

AFSLÁTTUR 15%

appliance

- ✓ Vandaður blástursofn með 6 eldunarkerfum þ.á.m. grill
- ✓ Stafræn klukka
- ✓ Burstað stál
- ✓ Verð áður kr. 59.900

Verð nú 37.900

AFSLÁTTUR 37%

Electrolux

Ergorapíð 2 í 1 handryksuga og léttryksuga fyrir hleðslu. Undraverð nýjung sem allir verða að eignast.

Verð áður kr. 18.990

ÞÚ SPARAR 3.000

Verð nú 15.990

Electrolux

- ✓ 1400 snúninga hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
- ✓ Tekur allt að 6 kg af taui
- ✓ Hraðval á algengum þvottakerfum
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ A/A einkunn fyrir þvott/orku
- ✓ Þriggja ára ábyrgð
- ✓ Verð áður kr. 89.900

Verð nú 69.900

ÞÚ SPARAR 20.000

Electrolux

- ✓ Uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og erfiðiskerfi
- ✓ Hljóðlát, aðeins 49 dB(A)
- ✓ Hitastig 70°/65°/60°/45°C
- ✓ 3 x A einkunn fyrir þvott, orkunýtni og þurrkun
- ✓ Framtíllt ræsing möguleg
- ✓ Þriggja ára ábyrgð
- ✓ Verð áður kr. 79.900

Verð nú 69.900

ÞÚ SPARAR 10.000

ZANUSSI

- ✓ Rúmgóður kælskápur með sér frýsti að ofanverðu
- ✓ Glerhillur og stór grænmetis-skúffa
- ✓ HxBxD: 159x54,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 69.900

Verð nú 54.900

ÞÚ SPARAR 15.000

ÚTSÖLULOK

Sparaðu allt að 70%

Verð nú 4.990

AFSLÁTTUR 38%

7.990

Djúpsteikingapottur 3 lítra

Verð nú 9.990

AFSLÁTTUR 34%

14.990

Safapressa 750W fyrir heila ávexti

Verð nú 4.990

AFSLÁTTUR 29%

6.990

Blandari stál 550W með glerkönnu

Verð nú 3.990

AFSLÁTTUR 34%

5.990

Matvinnsluvél með fjölda fylgihluta

Verð nú 2.890

AFSLÁTTUR 28%

3.990

Samlokugrill burstað stál

Verð nú 9.990

AFSLÁTTUR 29%

5.990

Alvöru heilsugrill með veltiplötu

Verð nú 3.990

AFSLÁTTUR 27%

5.490

Mjög vandað vöfflujárn m/hitastilli

Verð nú 7.790

AFSLÁTTUR 40%

12.990

Pizzaofn burstað stál með steinplötu

Verð nú 5.990

AFSLÁTTUR 20%

6.990

Borðhella með tveimur hellum

Verð nú 2.990

AFSLÁTTUR 45%

3.990

Hrísgrjónapottur

Verð nú 1.990

AFSLÁTTUR 43%

3.490

Gufustraupjárn 1800W

Verð nú 990

AFSLÁTTUR 45%

1.790

Ferðahárblásarar 3 litir

B-Vörur

Útlitsgölluð tæki sýningareintök og restar 40-70% afsláttur

Brauðristar - hraðsuðukönnur kaffivélar - blandarar - straujárn vogir - vöfflujárn - hárbílasarar sléttujárn - baðvogir - ryksugur hárklippur - mínútagrill - kvarnir matvinnsluvélar - rakatæki dósaopnarar - WOK pönnur safapressur - djúpst.pottar pizzaofnar - ísvélar - þeytarar og margt fleira

Takmarkað magn

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

TRISTAR

1400W lítill og nett ryksuga með stálskafi og bursta sem hentar hvort heldur sem er á parket, flísar eða teppi.

Verð áður kr. 5.990

Opíð

Virka daga 9-18

Lokað laugardaga í ágúst

VEISTU SVARIÐ?

1 Hve margir jarðskjálftar fundust á Grímseyjarsvæðinu á mánudaginn?

2 Hve mörg hús er gert ráð fyrir að viki fyrir nýja Listaháskólanum?

3 Hvaða þekkti kokkur lenti í lífsháska í Vestmannaeyjum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30



RONALD A. GRAY Fyrsta aftaka hermanna í hálfa öld.

Bush Bandaríkjaforseti: Heimilaði af-töku hermanna

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti gaf á mánudag leyfi sitt til að hermaður verði tekinn af lífi. Þetta er í fyrsta sinn í meira en hálfa öld sem Bandaríkjaforseti staðfestir dauðadóm yfir hermanni.

Hermaðurinn, sem heitir Ronald A. Gray, var sakfelldur fyrir fjögur morð og átta nauðganir, sem hann framdi fyrir um tuttugu árum.

Bandarísk lög kveða svo á að ekki megi taka hermenn af lífi nema forseti gefi til þess leyfi. Síðast veitti Dwight Eisenhower slíkt leyfi árið 1957 og var sá hermaður tekinn af lífi árið 1961.

8FRÉTTABLAÐIÐ30. júlí 2008MIÐVIKUDAGUR

Gott tíðarfar, einkum sunnan- og vestanlands í sumar, flýtir fyrir berjasprettu:

Bláberin fyrr á ferðinni í ár

ÚTIVIST „Sumarið hefur verið óvenjugott, einkum á Suður- og Vesturlandi, og þá eru berin fyrr á ferðinni en í venjulegu ári,“ segir Hörður Kristinsson grasafræðingur.

Hörður segir marga þætti þurfa að vinna saman til þess að stuðla að góðri berjasprettu.

„Viss skeið í blómgun plantna geta verið mjög viðkvæm fyrir skakkaföllum svo sem frostköflum og einnig þarf til hlýtt og sólríkt sumar,“ segir Hörður.

Þurrkar geta valdið lakari berjasprettu en ella. „Eftir mjög þurr sumur geta komið fram ágæt ber á vissum stöðum þar

sem jarðraki er mikill en lítið þess á milli.“

Snjólega á vorin skiptir miklu máli, einkum fyrir aðalbláber, að sögn Harðar. „Aðalbláber finnast venjulega hvergi þar sem ekki er snjóþungt yfir vetrartímann.“

Hörður segir bláberin venjulega ekki vera orðin að meginhluta vel þroskuð fyrr en í kringum 20. ágúst. Fyrr sé þó hægt að tína þroskuð ber sem finnst inn á milli verr þroskaðra berja.

„Þroskuð ber má þó finna fyrr við góðar aðstæður og þau eru fyrr á ferðinni þegar tíðarfarið er gott.“



Í BERJAMÓ Yfirleitt má gera ráð fyrir því að meginhluti berja sé orðinn nógu þroskaður til að hægt sé að fara í berjamó í kringum 20. ágúst.

Eldur í Skeifunni í Reykjavík: Kviknaði í þaki út frá strompi

BRUNI Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði talsverðan viðbúnað þegar tilkynnt var um eld í húsnæði Efnalaugarinnar Fannar í Skeifunni síðdegis í gær. Betur fór þó en á horfðist og ekki logaði nema lítilega í þaki hússins.

Slökkvilið rauf gat á þakið til að slökkva eldinn, sem talið er að kviknað hafi út frá reykröri, sem er eins konar strompur, að sögn varðstjóra slökkviliðs.

Mikill eldsmatur er í húsinu og því sendi slökkviliðið tvo bíla á staðinn. Einungis tók hálfa klukkustund að slökkva eldinn sem olli litlum skemmdum.

Ólöf Guðný vill ekki sitja áfram í skjóli borgarstjóra

Fyrrverandi aðstoðarkona borgarstjóra telur með ólíkindum hvernig það bar að, að borgarstjóri ákvað að tilnefna annan fulltrúa til setu í skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar. Ólafur F. Magnússon vill ekki tjá sig.

REYKJAVÍK Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, fyrrum aðstoðarmaður borgarstjóra, verður látin víkja úr skipulagsráði Reykjavíkurborgar.

„Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hafði samband og tjáði mér að ég nyti ekki lengur trausts hans,“ segir Ólöf. „Því myndi hann tilnefna annan fulltrúa í ráðið í minn stað.“

Ólöf segir Ólaf hafa vísað til ummæla hennar um að hún teldi ekki tímabært að taka afstöðu til vinningstillögu vegna nýbyggingar Listaháskóla Íslands.

Ólöf reiknar með að borgarstjóri óski einnig eftir að hún víki sem stjórnarmaður hjá Faxaflóahöfnum. „Ég hef ekki frekari áhuga á að sitja sem hans fulltrúi í nefndum og ráðum.“

Ólöf kveðst ekki ósátt við málalok undir þessum kringumstæðum. „Mér finnst þó með ólíkindum hvernig þetta hefur borið að.“

Skipulagsráð borgarinnar átti að funda í dag en þeim fundi var frestað. Helga Laxdal, lögfræðingur á skipulags- og byggingasviði, segir að það sé vegna flutningsviðis milli staða en ekki vegna mannabreytinga í ráðinu.

Borgarstjóri mun á næsta borgarráðsfundi leggja fram tillögu um að Magnús Skúlason, fyrrverandi formaður Húsafriðunarnefndar, taki sæti Ólafar Guðnýjar. „Ég vænti mikils af hans störfum,“ segir Ólafur en vildi ekki tjá sig um brotthvarf Ólafar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs, segir að ekki sé vani að kjörnir fulltrúar leggist gegn því hverjir sitja fyrir hönd annarra flokka í ráðum og nefndum á vegum borgarinnar.

„Það er ekki óvanalegt að gerðar

ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR Fyrrverandi aðstoðarkona Ólafs F. Magnússonar vikur úr skipulagsráði eftir næsta borgarráðsfund.

Ég hef ekki frekari áhuga á að sitja sem hans fulltrúi í nefndum og ráðum.

ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR FYRRUM AÐSTOÐARKONA BORGARSTJÓRA

séu breytingar á skipan fulltrúa í einstaka ráð og nefndir,“ segir Vilhjálmur. „Þarna er um að ræða fulltrúa F-lista og ef sá flokkur vill gera breytingar er ávallt orðið við slíkum óskum.“

Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði, kveðst ekki vita dæmi þess að fólk

hafi þurft að víkja fyrirvaralaust þegar skoðanaágreiðingur komi upp. „Þetta lítur út fyrir að vera ófyrirveguð ákvörðun sem er ekki það sem borgin þarf.“

Ólöf lét af störfum sem aðstoðarmaður borgarstjóra um síðustu mánaðamót en sagði borgarstjóra þá hafa farið þess á leit við hana að hún sæti áfram í skipulagsráði.

„Það er málefni samstarfsflokksins og borgarstjóra hverjir skipaðir eru fyrir þeirra hönd í nefndir og ráð,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs. Hún vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

KASTALI SEM SEGIR KEX!

Byggðu þinn eigin kastala úr HobNobs súkkulaðikexi.

FYRIR FLOTTASTA KASTALANN ER GLÆSILEG ÆVINTÝRAFERÐ TIL ORLANDO Í VERÐLAUN.

Nánari upplýsingar á www.nathan.is

Halli á rekstri ríkissjóðs Bandaríkjanna fjárlagaárið 2008 fjörutíu þúsund milljarðar: Methalli í Bandaríkjunum

BANDARÍKIN, AP Næsti forseti Bandaríkjanna tekur við tæplega fjörutíu þúsund milljarða króna halla á ríkissjóði Bandaríkjanna, samkvæmt áætlunum Bandaríkja-stjórnar.

Hallinn er sá mesti í sögu Bandaríkjanna í krónum talið. Hallinn varð þó stærra hlutfall landsframleiðslunnar sum árin á níunda og tíunda áratugnum.

Hallinn skýrist meðal annars af lægri skatttekjum vegna stöðunar í efnahagslífinu og skattalækkana og af styrkjum til heimila sem ætlað er að hleypa lífi í efnahaginn.

Hallinn er raunar vanmetinn í áætlun Bandaríkja-stjórnar. Utan hennar fellur tæplega sjö þúsund milljarða króna stríðskostnaður og kostnaður vegna björgunar fjármálaafyrirtækjanna Fannie Mae og Freddie Mac.

Demókratar á Bandaríkjaþingi

BARACK OBAMA OG JOHN MCCAIN Næsti forseti Bandaríkjanna tekur við erfiðu búi árið 2009.

hafa gagnrýnt fjármálastjórn ríkisstjórnar George W. Bush Bandaríkjaforseta.

Bush tók við góðu búi árið 2001 eftir tíu ára hagvaxtarskeið og

þriggja ára afgang á rekstri ríkissjóðs. Halli var hins vegar á rekstri ríkissjóðs árið 2002 sökum skattalækkana, hægara efnahagslífs og stríðskostnaðar.

ÚTSALA



27%
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 129.900
99.900
ÚTSALA

GCB399BTQA
LG Kæliskápur
Hæð 188 cm
Titanium áferð



249.900
ÚTSALA

FRNU20FBI
Daewoo
tvöfaldur
Hæð 188 cm
Titanium áferð



56%
AFSLÁTTUR

Airone
eyjuháfur
Medusa Isola

VERÐ ÁÐUR 144.900
62.900
ÚTSALA



40%
AFSLÁTTUR

Pottar
Allir stakir pottar
með 40% afslætti



50%
AFSLÁTTUR

PVL4EX
Nardi helluborð

VERÐ ÁÐUR 49.900
24.900
ÚTSALA



5CDC-60X
Fagor
veggháfur

VERÐ ÁÐUR 35.900
19.900
ÚTSALA



965010146
Fagor djúp-
steikingar-
pottur

40%
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 10.990
6.590
ÚTSALA



46%
AFSLÁTTUR

YA6640SFEMWT
Terim gaseldavél

VERÐ ÁÐUR 129.900
69.900
ÚTSALA



DBS3024
Clatronic
gufustraujárn

VERÐ ÁÐUR 8.490
5.290
ÚTSALA

38%
AFSLÁTTUR



962010116
Fagor
pizzaofn

40%
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 8.790
5.290
ÚTSALA

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-14





LEITAD Á VEGFARANDA Indverskur lögreglumaður í Srinagar í Kasmír-héraði lyftir að gamni sínu vegfaranda meðan á aðgerðum lögreglu stóð. Vegfarendur voru stöðvaðir og leitað á þeim af ótta við fleiri sprengjuárásir. NORDICPHOTOS/AFP

Tilraunaboranir í Þorskafríði:

Hótel og bæir fá heitt vatn

ORKUMÁL Hafist var handa í fyrradag við að bora fyrstu tilraunaholuna í leit að heitu vatni við austanverðan Þorskafrjörð að því er fram kemur á vef Reyk-hólahrepps. Er það gert með fimm milljóna króna framlagi Orkuraðs. Hófst leitin við Skipphöfða í landi Hlíðar.

Að því er segir á reykholar.is verður borað niður á fimmtíu metra dýpi til að byrja með og niðurstaðan metin. „Ef leitin ber þann árangur sem vonast er til munu Hofsstaðir, Kinnarstaðir og Hótel Bjarkalundur njóta góðs af heita vatninu. Ekki síst myndi hitaveita léttu rekstur Bjarkalundar verulega,“ segir á reykholar.is.

- gar



JIM D. ADKISSON Lögregla telur að gremja vegna atvinnuleysis hafi átt þátt í ódæði Adkissonns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morð í Sameiningarkirkju:

Bílstjóri myrti tvo í kirkju

BANDARÍKIN, AP Atvinnulausi vörubílstjórinn Jim D. Adkisson myrti í fyrradag tvo og særði sex sem viðstaddir voru söngleik barna í Sameiningarkirkju í Tennessee-ríki í Bandaríkjunum.

Maðurinn skildi eftir bréf þar sem hann sagðist reiður kirkjunni vegna frjálslyndra viðhorfa hennar, einkum í garð samkynhneigðra. Fyrirverandi eiginkona mannsins var áður kirkju-meðlimur.

Kirkjumeðlimum tókst að yfirbuga manninn áður en hann myrti fleiri. Hann er nú í haldi lögreglu.

- gh

AFRÍKA

Aukin aðstoð í Vestur-Afríku

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna tilkynnti í gær að hún ætlaði að auka matvælaaðstoð í vesturhluta Afríku til að ná til 1,4 milljóna fleira fólks. Svæðið hefur orðið illa úti sökum hækkandi matvæla- og eldsneytisverðs.

SLYS

Skreið í klukkustund

Erlend ferðakona fótbrotnaði í gær þar sem hún var á ferðalagi um Mývatnssveit. Hún þurfti að skriða í heila klukkustund áður en hún komst að þjóðvegnum þar sem henni var veitt hjálpar. Konan bíður nú aðgerðar á sjúkrahúsinu á Akureyri.

Túnþökur voru lagðar yfir Ráðhústorgið á Akureyri um niðrimma nótt:

Þökur fá að standa fram yfir helgi

AKUREYRI „Þetta er bara hið besta mál. Við munum láta þetta standa yfir verslunarmannahelgina,“ segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar. „Á svona góðviðisdegi er ekki hægt annað en að vera ánægður með þetta. Fólk hefur verið að setjast í sólbað og hafa það gott,“ segir Sigrún.

Þökur voru lagðar á hellulagt Ráðhústorgið á Akureyri í gærnótt. „Við vorum sex sem gerðum þetta,“ segir Sigurður Guðmundsson, verslunareigandi og sá sem skipulagði verkið. Hann segir að fjölga þurfi grænum svæðum á Akureyri því þeim hafi fækkað töluvert undanfarin ár.

Ákveðið var á fundi hjá innanbúðarfólki hjá Akureyrarbæ að þöknar fengu að standa fram yfir helgina. „Líklega verður

þetta tekið niður eftir helgina því það var ekkert búið að undirbúa undirlagið eða niðurföll. Þökurnar voru bara settar beint ofan á stéttina,“ segir Sigrún.

Hún útilokar þó ekki að þetta gæti verið til frambúðar. „Akureyringar hafa lengi haft áhuga á því að gera torgið grænt aftur,“ segir Sigrún en nokkuð er síðan hellulagt var yfir grænt Ráðhústorgið.

Setja átti upp stórt hringsvið á Ráðhústorgið um verslunarmannahelgina sem getur ekki staðið á grasinu og verður því flutt um set.

- vsp

RÁÐHÚSTORGID Farið var í sólbað á grasilögðu Ráðhústorginu í gær og góða veðursins notið til hins ýrasta.

MYND/SINDRI



Deildarmyrkvi á sólu:

Deildarmyrkvi sést á Íslandi

VÍSINDI Deildarmyrkvi á sólu verður sjáanlegur frá Íslandi á föstudaginn. Deildarmyrkvinn hefst klukkan korter yfir átta á föstudagsmorgun og lýkur tæpum tíu mínútum yfir tíu.

Í deildarmyrkva gengur tunglið að hluta til fyrir sólina og birtist sólin þá sem sigð af völdum tunglsins í skamma stund, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Stjörnusköðunarfélagi Seltjarnarness.

Stjörnusköðunarfélagið verður með sólskoðun á Austurvelli þegar deildarmyrkvinn verður á föstudagsmorgun, ef veður verður hagstætt.

- þeb

Loftárás í Pakistan vekur reiði:

Al-Kaídaliði meðal fallinna

PAKISTAN, AP Pakistönsk yfirvöld greindu frá því í gær að Abu

Khabab al-Masri, háttsettur al-Kaídaliði, væri meðal sex sem drepnir voru í loftárás Bandaríkjamanna í Pakistan í fyrradag.

Árásin hefur vakið nokkra reiði í Pakistan þar sem margir telja hana brjóta á fullveldi Pakistana.

Bandarísk stjórnvöld segja al-Masri hafa verið sérfræðing sem þjálfaði hryðjuverkamenn í notkun eiturefna og sprengja.

Bandaríkjaher segist ekki hafa framkvæmt árásina. Líklegt er að hún hafi verið gerð að undirlagi bandarísku leyniþjónustunnar CIA með mannlausri Predator-flugvél.

- gh

Karlmaður í Austurstræti:

Hjólaði fullur um miðbæinn

LÖGREGLUMÁL Karlmaður sem reyndi að hjóla ölvaður var handtekinn í miðborg Reykjavíkur að foranótt þriðjudags.

Lögregla fékk tilkynningu um reiðhjólaman sem ók hjóli sínu ansi skrykkjótt á Laugavegi. Maðurinn, sem er um fertugt, náðist í Austurstræti og var handtekinn. Hann var verulega ölvaður, tók afskiptum lögreglunnar mjög illa og neitaði meðal annars að segja til nafns.

Lögregla færði manninn á lögreglustöð þar sem hann var látinn sofa úr sér áfengisvímuna.

- þeb

LÖGREGLUFRETT

Sautján ölvaðir við akstur

Sautján ökumenn voru teknir ölvaðir og fjórir undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Fimmtán karlar voru teknir ölvaðir og tvær konur, en fimm þeirra voru jafnframt próflausir.



Á TORGÍ HINS HIMNESKA FRIDAR Hermaður fylgist með kínverskum ferðamönnum sem sitja á bekk í Peking.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínverjar hafa ekki staðið við loforðin

Ástand mannréttindamála hefur ekki batnað í Kína í aðdraganda Ólympíuleikanna, þrátt fyrir gefin loforð. Önnur ríki hvött til að gagnrýna Kína.

KÍNA Kínversk stjórnvöld hafa ekki staðið við loforð um að bæta mannréttindaástandið í landinu. Þvert á móti hefur ástandið versnað.

Þetta fullyrða mannréttindasamtökin Amnesty International í nýrri skýrslu og hvetja þar leiðtoga annarra ríkja til að gagnrýna Kína.

Árið 2001, þegar Alþjóða ólympíunefndin ákvað að Ólympíuleikar skyldu haldnir í Kína árið 2008, gáfu kínverskt stjórnvöld hátíðleg loforð um bót og betrun í mannréttindamálum.

Amnesty International hefur síðan fylgst grannt með því hvort við þessi loforð verði staðið og einkum skoðað fjögur svið mannréttindamála sem varða sérstaklega hugsjónir Ólympíuleikanna: dauða-refsingu, misnotkun á refsivörðhaldi, ofsóknir á hendur baráttufólki og ritskoðun fjölmiðla.

Samtökin segja að undanfarið hafi þúsundir manna verið handteknir fyrir þær sakir einar að hafa krafist mannréttinda og umbóta í landinu. Margir þeirra hafi verið dæmdir í nauðungarvinnu, jafnvel án réttarhalds.

Dæmi er tekið af Huang Qi, sem var handtekinn fyrr í þessum mánuði og sakaður um að hafa ríkisleyndarmál í fórum sínum. Amnesty telur að raunveruleg ástæða handtökunnar sé störf hans við að aðstoða fjölskyldur barna, sem fórust í jarðskjálftanum mikla í maí, við að höfða mál gegn stjórnvöldum.

Þá eru fjölmiðlar enn ritskoðaðir af fullri hörku og erlendir fréttamenn hafa sumir hverjir sætt ofsóknum af hálfu stjórnvalda. Ekki er annað að sjá en að stjórnvöld ætli að hindra fréttafloflun

af öllu, sem þau meta óæskilegt eða viðkvæmt, meðan á Ólympíuleikunum stendur.

Samtökin fagna því reyndar að nokkrar framfarir hafi orðið á sviði dauðarefsinga, en þær framfarir séu þó afar takmarkaðar.

Liu Jianchao, talsmaður utanríkisráðuneytis Kína, andmælti skýrslunni í gær og sagði að þeir „sem þekkja Kína muni ekki vera sam-mála þessari skýrslu“.

Í skýrslunni gagnrýna samtökin einnig Alþjóða ólympíunefndina fyrir tregðu hennar til að gagnrýna kínversk stjórnvöld. Enn fremur eru leiðtogar annarra ríkja, þar á meðal þeir leiðtogar sem ætla að fara á Ólympíuleikana, hvattir til að beita Kínverja þrýstingi og láta áhyggjur sínar í ljós opinberlega.

gudsteinn@frettabladid.is

Afsláttur olíufyrirtækja:


Þrjú þúsund kall á ári

Svarta gullið er rándýrt, þetta vita allir af biturri reynslu. Öll olíufélögin bjóða þó afslætti gerist maður tryggur viðskiptavinur þeirra. Svokallaðir greiðslulýklar eru í boði hjá flestum olíufélögum og gefa þeir tvær krónur í afslátt af hverjum lítra. Hægt er að hækka afsláttinn upp í þrjár krónur fá maður sér fyrirframgreitt kort.

En skiptir þessi afsláttur einhverju máli? Tökum dæmi. Miðum við bíl sem eyðir 10

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



Hvalfjarðargöngin:

Mikil umferð um síðustu helgi

UMFERÐ Mesta umferð um Hvalfjarðargöng það sem af er árinu var um síðustu helgi. Ríflega tíu þúsund og fimm hundruð bílar fóru um göngin síðasta föstudag, 25. júlí. Það eru tæplega tvö hundruð fleiri bílar en fóru í gegnum göngin fyrsta föstudaginn í júlí, sem jafnan er fyrsti dagur mestu ferðahelgi sumarsins.

Fram undan eru miklar ferðamannahelgar og búist er við mikilli umferð um göngin næstu tvær helgar. Heildarumferð um göngin hefur þó dregist töluvert saman miðað við sama tíma í fyrra.

- þeb

Fjölskyldan á Ögri við Ísafjarðardjúp vill að skikk verði komið á bílasafnið á Garðsstöðum:

Segja bílhræ rýra verðgildi húsa og jarða

UMHVERFISMÁL „Við erum ekkert á móti því að þarna verði einhver starfsemi eins og til dæmis bílapartasala. Það eina sem við viljum er að þarna verði gengið vel um,“ segir Leifur Halldórsson, talsmaður fjölskyldunnar að Ögri við Ísafjarðardjúp sem er í næsta nágrenni við Garðsstaði en þar eru mörg hundruð bílhræ.

Í samkomulagi sem Súðavíkurhreppur hefur gert við Þorbjörn Steingrímsson, jarðeiganda á Garðsstöðum, er gert ráð fyrir að þau verði ekki fleiri en 60 haustið 2009.

„Við sjáum ekki að bílhræjunum fækki, þvert á móti,“ segir

Leifur. Hann segir að bílasafnið rýri verðgildi húsanna og jarðarinnar í Ögri. „Ég held að fáir vildu kaupa sumarhús þar sem þetta blasir við. Bílhræin eru um 20 metrum frá kirkjunni og þar eru íbúðir sem leigðar hafa verið ferðamönnum. Við hugleiddum það að fara út í ferðapjónustu en höfum ákveðið að bíða uns þessari óvissu verði eytt.“

Fulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða gerði úttekt á svæðinu í gær að sögn Ómars Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps. Hann hafði hins vegar ekki heyrt af því hvort fækkað eða fjölgað hefði í bílasafninu.

- jse



GARÐSSTAÐIR VIÐ ÍSAFJARÐARDJÚP Fjölskyldan frá Ögri segir að bílasafnið á Garðsstöðum rýri verðgildi húsa og jarðar þeirra. Um 20 metrar eru frá kirkjunni á Ögri og að bílhræjunum á Garðsstöðum.



FANGELSI Á myndinni sést hælisleitandi reyna að flýja.

NORDICPHOTOS/AFP

Breyttar reglur í Ástralíu:

Flóttamenn fari ekki í fangelsi

ÁSTRALÍA, AP Ríkisstjórn Ástralíu tilkynnti í gær að hætt yrði að setja flóttamenn í landinu í fangelsi þar til búið væri að afgreiða hælisumsókn þeirra.

Ríkisstjórn íhaldsmannsins Johns Howard kom fangakerfinu á árið 2001 til að bregðast við auknum fjölda ólöglegra innflytjenda. Vinsældir kerfisins hafa dalað sökum kostnaðar og fréttar af slæmum aðbúnaði hælisleitenda.

Haldið verður í eina fangastöð á Jólæyju nálægt Indónesíu fyrir hælisleitendur sem taldir eru hættulegir.

- gh

Rétttrúnaðarkirkjan:

Úkraínumenn vilja fá sína eigin kirkju

ÚKRAÍNA, AP Rússar og Úkraínumenn segjast hvor um sig hafa unnið sigur í deilu um það hvort stofna eigi sjálfstæða kirkjudeild í Úkraínu, sem segi þá skilið við rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna.

Viktor Júsjenkó Úkraínuforseti segir á vefsíðu sinni að patriarkinn í Konstantínópel, Bartólómeus I, sem er eins konar yfirpatriarki allra kirkjudeilda rétttrúnaðarkirkjunnar, styðji stofnun sjálfstæðrar kirkju í Úkraínu.

Mikhaíl Prokopenko, talsmaður rússnesku kirkjunnar, segir aftur á móti að nú um helgina hafi Bartólómeus og Alexei II, patriarki rússnesku kirkjunnar, staðfest að patriarkinn í Konstantínópel viðurkenni yfirráð rússnesku kirkjunnar yfir þeirri úkraínsku.

- gb

VESTFIRÐIR

Vilja vigta afla á Flateyri

Sótt verður um leyfi til fjarvigtunar á Flateyri hjá Fiskistofu á næstunni. Hafnarstjóra þar hefur verið falið að kanna hvort hægt verði að stunda fjarvigtun þaðan. Frá því að Fiskvinnslan Kambur hætti störfum þar hefur vigtun afla verið sinnt af starfsmönnum á Ísafirði.

Leitað að heitu vatni

Byrjað var að bora tilraunaholu eftir heitu vatni við Þorskafjörð á mánudag. Borað verður niður á fimmtíu metra dýpi. Verkefnið er liður í jarðhitaleit á allmörgum stöðum á landinu þar sem hitaveitu nýtur ekki.

15, 24 eða 32 ára?



Anna Rut Arnardóttir er 15 ára grunnskólanemi

Hafðu skilríkin meðferðis

Takk fyrir að sýna okkur skilríki að eigin frumkvæði þegar þú kemur í Vínbúðina. Þannig leggjumst við á eitt um að takmarka aðgengi unglinga að áfengi.

AÐ KAUPA VÍN
ER EKKERT GRÍN

 VÍNBUÐIN

vinbudin.is

Efnahagsvandi fer með formann.

Geir H. Brown

SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR SKRIFAR

Lífið er erfitt fyrir Gordon Brown, forsætisráðherra Breta. Kannanir sýna minnkandi stuðning við Verkamannaflokkinn og nafnlausir þingmenn flokksins kalla á afsögn hans sem formanns. Til að bjarga flokknum frá skelfilegri útkomu þurfi ný andlit strax í haust. Brown hefur misst traust almennings í þeim efnahagsþrengingum sem hrjá Breta, jafnt og Íslendinga. Líkt og á Íslandi hafa fasteigna-viðskipti dregist saman þar sem meira aðhalds er gætt í útlánum, hægst hefur á öllum nýbyggingum og eru byggingaverktakar í vandræðum. Þá er búið að spá auknu atvinnuleysi í haust.

Vandinn hljómar kunnuglega fyrir íslenska lesendur, þó að hann sé ekki alveg sambærilegur, og hið sama má segja um forsætisráðherrann.

Líkt og Geir H. Haarde var Brown mjög vinsæll áður en hann tók við sem formaður og forsætisráðherra. Hann var sérstaklega talinn traustur fjármálaráðherra, þrátt fyrir að vera nokkuð tillaus karakter. Eftir að hafa staðið í skugganum af hinni miklu sól sem Tony Blair var, var lengi ljóst að Brown myndi taka átakalaust við flokknum og forsætisráðherraembættinu. Blair hafði verið óhemju vinsæll í upphafi ferils síns sem formaður og forsætisráðherra, en vinsældirnar döludu eftir því sem Blair sat lengur í stóli forsætisráðherra. Vilja margir meina að hann hafi ekki þekkt sinn vitjunartíma.

Á síðasta ári hefur Brown svo komist að því að það sem ein-kenndi hann sem traustan fjármálaráðherra er ekki nauðsynlega það sama og einkennir góðan forsætisráðherra. Brown er gagnrýndur fyrir að vera fjarlægur kjósendum og þrátt fyrir öryggi hans í öllu sem viðkemur tölum siglir breska þjóðin inn í tímabil efnahagsþrenginga, sem Brown virðist ekki hafa nokkra stjórn á. Hann hefur því verið gagnrýndur fyrir að vera ekki nógu mikill leiðtogi til að geta leitt þjóðina í gegnum þetta erfiðleikatíma-bil. Gagnrýnin virðist ná vel til kjósenda, en fylgi flokksins dalar bara og dalar. Þegar flokkurinn tapar meira að segja kosningum í Glasgow, þrátt fyrir skoskan uppruna Browns, virðist fokið í flest skjól fyrir formanninn.

Það er ekki eins og Brown og ríkisstjórn hans hafi setið auðum höndum, heldur hefur hann meðal annars komið bönkum og öðrum lánveitendum til bjargar í lánsfjákrísunni, sveitarfélög hafa fengið leyfi til að kaupa óseldar íbúðir og eldsneytisskattur hefur verið frýstur. Þá eru í bígerð áætlanir um að taka lán upp á hundruð milljarða til að bjarga fasteigna eigendum og fjölskyldum sem eiga í erfiðleikum vegna lánsfjákrísunnar og hækka þar með leyfileg lánamörk ríkisins, samkvæmt reglum sem Brown setti sjálfur.

Hér endar samlíkingin milli Geirs og Browns. Vandamálið fyrir Brown er að hann og samráðherrar hans leggja til lausnir, þó að tímabundnar séu, til að takast á við komandi erfiðleika. En breska þjóðin er ekki að hlusta, heldur leggur frekar eyrun við hvað David Cameron, formaður íhaldsflokksins, segir. Stjórnarandstaðan hér á landi hefur hins vegar ekki vaxið á þessum tímum efnahagsþrenginga en líkt og lesa má í Markaðnum í dag er hins vegar kallað eftir því að stjórnmalamenn hafi forystu um að leggja til lausnir um hvernig hægt sé að komast aftur á fast land. Forsætisráðherra hlýtur að þurfa að taka það til sín.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Öli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Enn tala verkin

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur látið Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur víkja úr skipulagsráði. Ekki er nema um mánuður síðan Ólafur rak Ólöfu Guðnýju sem aðstoðarmann sinn en fór þess á leit við hana um að sitja áfram í skipulagsráði fyrir hönd F-lista. Sinnaskiptin helgast af ummælum Ólafar



Guðnýjar í þá átt að ekki væri tímabært að taka afstöðu til vinn-ingstillögu um nýjan Listahá-

skóla við Laugaveg, skipulagsráð ætti eftir að taka málið fyrir. Sjálfur var borgarstjóri búinn að gefa það út að skipulagsráð myndi hafna tillögunni. Hann líður greinilega ekki neitt hálf-kák af hálfu fulltrúa sinna í borginni á borð við það að vilja taka upp mál á viðeigandi vettvangi. Annaðhvort eru menn með honum eða á móti.

Eitraður kaleikur

Össur Skarphéðinsson er ekki fyrr kominn heim, sólbakaður frá Kanaríeyjum, en hann er tekinn til óspilltra málanna við að greina borgarpólitíkina. Á heimasíðu sinni skrifar



Össur að sú ákvörðun sjálfstæðis-manna að mynda meirihluta með Ólafi F. Magnússon sé „einhver eittraðasti kaleikur sem nokkur stjórnmalaflokkur hefur sjálfviljugur teygð í botn“. Sjálfstæðisflokkurinn hafi málað sig út í horn í borginni; enginn vilji vinna með honum og hann verði að beygja sig undir duttl-unga Ólafs af ótta við að hann hóti að mynda enn einn meirihlutann.

Þannig að bikarinn eittraði er ekki alveg galltómur. Og miðað við álit Össurar á borgarstjóranum virðist hann ekki ætla sínu fólki í Samfylkingunni stórt ef hann heldur að þeim finnist freistandi að sötra dreggjarnar.

bergsteinn@frettabladid.is

Lít ég einn sem list kann

Þegar hásumarið hvelfist yfir París og borgin fyllist af ungum og léttklæddum blómáros-um, koma og aðrir út úr felustöð-um sínum; reyndar eru þeir jafnan til staðar í einhverjum hornum og skúmaskotum, allan ársins hring, en nú streyma þeir leynt og ljóst um stræti og garða, og fara skimandi um. Það eru þeir menn sem iðka öllum stundum að taka blómárosirnar tali undir ýmsum átyllum til að gilja þær og hafa af þeim stundargaman, eða kannske lengra. Þessir menn eru kallaðir „dragueurs“ á frönsku og sögnin yfir athæfi þeirra er „drager“, en hvort tveggja er komið af germönsku sögninni „að draga“, eins og liggur reyndar í augum uppi. Á klassískri íslensku er þó í þessu sambandi talað um að „húkka“, hin germanska rót merkir þar annað stig.

Vafalaust hafa menn af þessu tagi stundað iðju sína með nokkuð svipuðum hætti allar götur síðan París varð París, enda eru aðferðir þeirra gamalreyndar og ekki við miklum framförum að vænta á því sviði. En hjá því gat þó varla farið að hin mikla bylting, sem sigur markaðshyggjunnar hefur valdið, hefði róttæk áhrif á athæfi þessara tálðráttarmanna eins og allar aðrar hliðar mannlfísins, enda hefur sú orðið raunin á. Í sumar má lesa í blöðum að þjálfaðir „húkkarar“ með mikla starfsreynslu að baki bjóðist til að kenna nýliðum listina, þeir setji sem sé upp skóla í „húkki“.

Einn lærimestariinn af þessu tagi sem blöð hafa skýrt frá er Arnauð nokkur Olieric, sem kys að nefna sig „Fönix“. Hann hélt við níu konur í einu, þegar það rann upp fyrir honum, fyrir einu ári eða svo, að sú þekking sem hann byggði yfir væri mikilla peninga virði. Hófst hann þá þegar handa. Þar sem markaðs-væðing af þessu tagi verður að hafa á sér engilsaxneskt yfir-



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Tálðráttarmenn

bragð ef menn eiga að taka hana alvarlega í Frakklandi, kallaði hann fyrirtæki sitt „Natural Technics Development“, og lét í veðri vaka að innihald kennslunnar væri komið frá gósenlandi frjálsbyggjunnar, Bandaríkjunum, hvað svo sem hæft var í því. Fyrir hverja kennslustund tók hann frá 75 evrum og upp í 150 evrum, og þeir sem höfðu numið listina fengu titilinn „Pick up artist“, skammstafað „PUA“.

„Fönix“ sagði þó blaðamanni að franski markaðurinn væri enn mjög þröngur, aðeins um eina milljón evra á ári, en hann víkkaði ört. Sjálfur sagðist hann hafa þjálfað meira en hundrað og fimmtíu nemendur, en því fer fjarri að hann sé einn um hituna. Í þessari grein eru einnig starfandi fyrirtæki eins og „Spike“, „Sébastien Night“, „CoolPUA“ og mörg fleiri svo sem „Become In“ sem er sérhæft í að kenna húkk á gangstéttum.

„Þetta er alger bylting“, sagði Alexis, 29 ára gamall fjármála-maður, sem hafði tekið fjórtán lexiur og varið til þess 1800 evrum, „ég lá fimm stúlkur á premur mánuðum“. Til að vega og meta þennan árangur geta tölfróðir menn kannske reynt að reikna út hvað Alexis verður lengi, með þessum hraða, að komast yfir þúsund og þrjár konur eins og Don Giovanni tókst á sínum tíma á Spáni.

Blaðamaður fékk að fylgjast með því þegar Fönix tók tvo

nemendur í tíma á kaffistétt við Ódáinsvelli í París. „Konur ganga fyrir tilfinningum“, útskýrði meistarinn. „Látið þær tala um dans, það eru myndhvörf fyrir kynferðismál“. Markmiðið er að leiða fórnarlömbin út í fyndin og tvírað samtöl, sýna sjálfan sig í sem bestu ljósi en gera sér upp áhugaleysi. „Húkkarinn verður að fá stúlkuna til að hlauða á eftir sér“. Síðan tók hann til við að ljúka upp leyndardómum þess sem hann kallaði „neg hits“, en það eru „pillur“, eins og sagt er á alþýðlegri íslensku, ætlaðar til að slá erfiðar stúlkur út af laginu: „Mér finnst kjóllinn þinn svo fallegur, allar stelpur eru í þessum sama kjól í sumar“. Og loks fjallaði hann um „IOI“ (sem er væntanlega skammstöfun fyrir „Indicators of Interest“), en það eru þau merki sem leiða í ljós áhuga stúlkunnar á húkkaranum.

Til að kanna árangurinn af þessari kennslu fékk blaðamaður að fylgjast með tveimur stofn-endum fyrirtækisins „Become In“. Þeir gengu lausir í Lúxemborgargarðinum til að demons-trera, og á minna en fimm mínútum hafði þeim tekist að fá tvær stúlkur til að gefa þeim gamsanúmer sín. Til þess þurfti þó ekki annað en mjög svo hversdagslegar samræður.

„Sumir halda að þeir þurfi ekki annað en læra nokkrar setningar utan að,“ sagði annar þeirra síðan, „en það er aðeins aukaat-riði. Menn þurfa þvert á móti að tileinka sér tæknina hið innra með sér svo hún verði þeim eðlileg og leiði í ljós persónuleika þeirra. Húkkið er persónuleika-bygging sem er gagnleg fyrir öll svið þjóðfélagsins.“

En þetta er ekki auðlærð list, ef trúa má því sem einn kennarinn í greininni sagði blaðamanni: „Það eru ekki fleiri en tuttugu raun-verulegir húkk-listamenn í öllu Frakklandi.“

Heilbrigt fjölskylduumhverfi

UMRÆÐAN

Helga Guðrún Guðjónsdóttir skrifar um Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands, það ellefta í röðinni, verður haldið í Þorlákshöfn dagana 1.-3. ágúst. Á mótinu verður keppt í frjálsum íþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfuknattleik, motorcross, skák og sundi. Keppendur eru á aldrinum 11 til 18 ára.

Auk íþróttakeppninnar er ýmislegt í boði og ættu allir að geta fundið sér eitthvað við hæfi. Sérstaka athygli vekur sú mikla dagskrá sem er fyrir 11 ára og yngri en þau hafa ekki keppnisrétt á mótinu. Glæsileg leiktæki, hoppkastali, rennibraut o.fl verður sett upp á mótssvæðinu og einnig verða í boði íþróttaklúbbarnir „Fjörkálfa klúbbur 6-10 ára“ og „Sprelligosa-klúbbur 5 ára og yngri“. Aðgangur er ókeypis.

Fjölbreytt menningardagskrá verður alla dagana sem menningarnefnd Ölfuss hefur sett saman með mótshöldurum. Kvöldvökur verða öll kvöldin og mótinu verður slitið með kröftugri flugeldasýningu.

Umgjörð mótsins í Þorlákshöfn verður glæsileg. Byggður hefur verið alvöruheppnisvöllur með stórkostlegri umgjörð. Heimamenn hafa því lagt



HELGA GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR

mikinn metnað í undirbúning og framkvæmd mótsins sem er án efa skynsamlegasta og skemmtilegasta fjölskyldu-, íþrótt- og forvarnahátíð sem hægt er að hugsa sér. Mót þar sem unglingar og íþróttir eru í fyrirrúmi og stórfjölskyldan getur tekið þátt.

Mótin hafa vakið verðskuldaða athygli og hafa fyrir löngu sannað gildi sitt. Þeir fjölmörgu sem þau hafa sótt hafa verið öðrum til fyrirmyndar í allri framkomu, hvort sem um er að ræða í keppni, leik eða umgengni. Keppnin snýst um að taka þátt og vera með og gleðjast yfir afrekunum.

Það verður gaman að vera í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Ef þú hefur ekki tekið ákvörðun um hvert förrinni skuli heitið um verslunarmannahelgina skaltu koma í Þorlákshöfn og njóta þess að upplifa unglingalandsmót. Flestir þeir sem hafa verið á mótunum hingað til koma aftur. Hvað er betra en að foreldrar og börn njóti þess að vera saman í marga daga á slíku móti?

Njótum þess að vera saman á unglingalandsmóti í Þorlákshöfn þar sem saman fer keppni, skemmtun, gleði og vinarþel.

Höfundur er formaður Ungmennafélags Íslands.

HEILIR STURTU KLEFAR


ÚR **HERTU** ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

Öbreytt
verð!
Engar
hækkanir!



**HERT
ÖRYGGISGLER**

331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

611-A Kantaður
8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!

Innifalið í öllum:

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtuset
Ömmustöng m stórum haus

Stærðir:

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90x90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 | i-t@i-t.is



3.490

Vnr. 86363040-550
Pallaolía
KJÖRVARI pallaolía, glær,
græn, hnót, fura, rauð-
fura eða rauðviður.



3.990

Vnr. 89410150-2650
Viðarvörn
PINOTEX CLASSIC viðarvörn,
svört, tekk og pine, 6 l.

VARSA LA

á sumarvörum



4.990

Vnr. 89610183
Útimálning
SADOLIN hvít útimálning, 10 l, fæst aðeins í
BYKO Breidd, takmarkað magn.



2.490

Vnr. 85570040
Útimálning
BYKO terpentínu þynnanleg akrýlmálning, til
notkunar utanhúss, hvít, 4 l. Fæst aðeins í
BYKO Breidd, takmarkað magn.

allt að
50%
afsláttur



500
Fullt verð: 790

Vnr. 88015960
Barnatjald
Barnatjal.



1.990
Fullt verð: 3.790

Vnr. 88012304
Buslaug
Buslaug með gluggum, 48x175 cm.



690
Fullt verð: 990

Vnr. 88015968/70
Flísteppi
Flísteppi.



5.990
Fullt verð: 7.990

Vnr. 87977157
Ferðaklósett
Ferðaklósett 20 L.



2.990
Fullt verð: 4.380

Vnr. 50147028-47
Gúmmístígvél
HARVIK/VIKING gúmmí-
stígvél, stærðir 28-47.



990
Fullt verð: 1.690

Vnr. 88015984
Útilegu ljós
Útilegu ljós



990
Fullt verð: 1.690

Vnr. 88015712
Framlengingarsnúra
Framlengingarsnúra
12V, 4m, frábaert
í bílinn fyrir kæli-
boxið o.fl.



LISA KUDROW LEIKKONA ER 45 ÁRA Í DAG

Ég er yngst af öllum í fjölskyldunni. Hin eru öll mjög fyndin, ég var alltaf að reyna að halda í við þau. Mér fannst bara svo gaman að fá fólk til að hlæja.

Lisa Kudrow er bandarísk leikkona sem er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Phoebe Buffay í hinni vinsælu þáttaröð Friends.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 30. JÚLÍ 2003

Síðasta gamla Bjallan framleidd

Síðasti bíllinn af gerðinni Volkswagen Type 1, sem er betur þekktur undir heitinu Bjallan, rann af færbandinu þennan dag fyrir fimm árum.

Framleiðsla bílsins hófst árið 1938. Menn fóru fljótlega að kalla hann Bjölluna sín á milli en framleiðandinn sjálfur tók heitið ekki upp fyrr en í tengslum við kynningarefni á bifreiðinni í ágúst árið 1967.

Bjallan naut mikilli vinsælda á sjöunda áratug síðustu aldar. Vegna harðnandi samkeppni færðist framleiðsla bifreiðanna frá Þýskalandi til Brasil-



íu og Mexíkó, en sjálfstæðir innflytjendur í Evrópu fluttu þær inn frá Brasilíu og Mexíkó þar til framleiðslu var hætt.

Síðasta Bjallan var framleidd í Puebla í Mexíkó í 30. júlí árið 2003 og síðustu þrjú þúsund bílarnir seldir sem 2004 árgerð. Stjórnvöld í Mexíkó bundu enda á framleiðsluna, þar

sem þeim þótti bílarnir ekki uppfylla þá útblástursstaðla sem þar voru settir. Síðast en ekki síst höfðu vinsældir bílanna dvínað, þar sem neytendur sóttu í auknum mæli í nýttiskulegri bifreiðar.

MERKISATBURÐIR

- 1797 Geir Víðalín dómkirkjuprestur, 35 ára, er vígður biskup í Skálholtsbiskupsdæmi. Þetta er í fyrsta sinn í 120 ár sem biskup Íslands er vígður hérlandis en ekki erlendis.
- 1874 Kristján níundi stígur á land í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkjandi konungur kemur til landsins.
- 1907 Friðrik áttundi Danakonungur kemur til landsins.
- 1909 Gítar konur og vinnukonur sem borga sveitargjöld fá kosningarétt til sveitarstjórna.
- 1961 Brúin yfir Hornafjarðarfljót er vígð. Hún var þá önnur lengsta brú landsins, 255 metrar.



70 ára afmæli Runólfur Runólfsson

verkstjóri verður 70 ára mánudaginn 4. ágúst næstkomandi. Af því tilefni verða þau hjónin Dúddi og Stína með opið hús sunnudaginn 3. ágúst milli 14.00 og 17.00 að Rjúpnabraut 5, Úthlíð í Biskupstungum. Þau hlakka til að sjá ættingja og vini sem eru hjartanlega velkomnir.

SIGURÐUR PÁLSSON: SEXTUGUR Í DAG

Vanur miklum fagnaðarlátum

Sigurður Pálsson, rithöfundur og skáld, verður sextugur í dag en stakk af til Parísar til að verja afmælisdegnum þar. „Ég endaði hér í París eftir að hafa fengið ýmsar hugmyndir. Þetta endar í þessari tiltölulega ófrumlegu niðurstöðu, sem er mjög fín,“ segir Sigurður kankvís og bætir við að hann hafi nokkrum sinnum haldið upp á afmæli sín í París en að þau hafi ekki endað á núlli fyrr en nú.

Líklega kemur fáum sem lesið hafa nýjustu bók Sigurðar, Minnisbók, á óvart að Parísarborg hafi orðið fyrir valinu til að fagna þessum tímamótum því hún fjallar á mjög lifandi hátt um minningar Sigurðar frá Frakklandi á árunum 1967 til 1982. Enda var Sigurður staddur á kaffihúsi í París þegar blaðamaður hafði samband við hann og sagðist í tilefni afmælisdagsins ætla að finna einhvern góðan stað til að borða á.

Að sögn Sigurðar eru eftirminnileg afmæli hans í gegnum tíðina mörg. „Þegar ég var ungur var mjög mikið haldið upp á afmæli og þá var mikil hátíð. Þannig að ég er vanur miklum fagnaðarlátum,“ upplýsir Sigurður og bætir við að það hafi verið frábært að eiga afmæli yfir sumartímann. „Það var mikið af fólki heima á sumrin þannig að það var bara ennþá betra að eiga afmæli yfir sumartímann.“

„Annars list mér mjög vel á þetta,“ upplýsir Sigurður, þegar hann er inntur eftir því hvernig honum líki það að vera orðinn sextugur. „Það er mjög fínt að verða þrítugur en ég held að það sé helmingi betra að verða sextugur,“ segir hann kíminn.

„Einhverjir spekingar voru að skýra út fyrir mér að ævin er eins og þrír þrjátíu ára hringir. Um þrítugt eru mikil tímamót, þá er svokölluð þrítugskrísa,“ útskýrir Sigurður og bætir við að eftir það taki við tvisvar sinnum fimmtán ár sem séu einskonar uppgjör og undirbúningur undir lokahringinn um sextugt. „En sextíu er rosa merkilegt vegna þess að þá er uppgjör miðað við þrítugskrísuna og hvað menn völdu að gera þá.“

Sigurður segir að á fæðingardegni sínum hafi verið hitabylgja á Skinnastað í Axarfirði þar sem hann er fæddur. „Það getur orðið svona brjálæðislega heitt þarna og ég vona að í dag verði þrjátíu stig þannig að það verði svipuð stemning.“

martaf@frettabladid.is



SIGURÐUR PÁLSSON Fæddist í hitabylgju og vonast eftir svipuðu veðri í París í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLI



AUÐUR
LAXNESS
er 90 ára.



ÁRNI
SIGFÚSSON
bæjarstjóri er
52 ára.



HILARY
SWANK
leikkona er 34
ára.



ARNÓR
GUÐJOHNSEN
knattspyrnu-
maður er 47
ára.



Elskulegur eiginmaður og faðir,

Magnús Karlsson

Mímisvegi 8, Reykjavík,

lést sunnudaginn 27. júlí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. ágúst kl.15.00.

Bára Guðmannsdóttir
Guðmann Sigurgeir Magnússon



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurbjörg Bóel Malmquist
Jóhannsdóttir**

Aflagrandi 40, Reykjavík,

lést þann 20. júlí sl. á Vífilsstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

Jón Ellert Guðjónsson

Guðrún Bóel Guðjónsdóttir

Kristín Margrét Axelsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Viðar Hjartarson

Árni Árnason



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ragnhildur Kristín
Sandholt**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 27. júlí.

Jón Eiríksson

Eiríkur Jónsson

Íris Jónsdóttir

Atli Már Jónsson
og barnabörn.

Ásthildur Björnsdóttir

Einar Sigurðsson

Lilja Dagbjartsdóttir

allt bílar o.fl.

Bíla klúbbur Akureyrar

heldur úti vefsíðunni www.ba.is. Þar er hægt að skoða bíla sem eru í eigu meðlima, taka þátt í spjalli og fleira skemmtilegt.



Skiptu út þeim gamla

Nú er hægt að setja gamla jálkinn upp í bifreið hjá Brimborg.

Fram að verslunarmannahelgi er hægt að fara með hvaða gamla bíl sem er í Brimborg og fá 200.000 krónur í staðinn til að setja upp í sparneytnari, öruggari og nýlegri notaðan bíl hjá umboðinu.

Tilboðið gildir fyrir alla gamla bíla en aldur og ásigkomulag þeirra eru algjört aukaatriði. Að sama skapi gildir tilboðið líka yfir alla notaða bíla sem fást hjá Brimborg.

Aðeins er hægt að koma með einn gamlan bíl fyrir hverja nýlegri, notaða bifreið. Þá býður Brimborg að auki upp á 100 prósentu fjármögnun við kaupun.

Nánari upplýsingar á www.brimborg.is og í síma 515 7000.

- mmm



Nú er hægt að losa sig við gamla bílinn og fá sér nýrri og sparneytnari bifreið hjá Brimborg.



Mælt er með bakvísandi barnastólum fyrir yngstu börnin í stað þeirra sem vísa fram. NORDICPHOTOS/GETTY

Bakvísandi stólar bestir

Nú þegar ein stærsta ferðahelgi ársins nálgast þurfa öryggismál barna í bílum að vera tryggð.

Þó leitt sé að leyfa ekki börnum að horfa fram á við eins og fullorðnir gera á ferðalögum er mælt sérstaklega með bakvísandi barnabílstólum fyrir börn sem eru yngri en þriggja til fjögurra ára.

Sænskar rannsóknir hafa sýnt að við alvarlegan árekstur minnka líkur á áverkum um 90 prósent hjá börnum í bakvísandi stólum en um 60 prósent ef þau vísa fram. Ástæðan fyrir þessu er sú að þyngd höfuðsins er mun hærra hlutfall af heildarlíkamsþyngd barna en hjá fullorðnu fólki. Höfuð barns um níu mánaða aldur vegur um 25 prósent af heildarþyngdinni en einungis um sex prósent hjá fullorðnum einstaklingi.

Barn má aldrei sitja í framsæti bíls ef uppblásanlegur öryggispúði er framan við það. Það þarf að hafa náð 150 sentimetra hæð og vera að minnsta kosti 40 kíló að þyngd til að sitja óhult í framsæti bíls með öryggispúða. Góðir barnabílstólar eru bráðnauðsynlegir og áriðandi að þeir séu festir samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda.

Heimildir: www.vis.is og www.tm.is.

- gun@frettabladid.is



Stólar yngstu barnanna eiga að snúa bakinu fram.

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI

og hlutir til kerru-smíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FOTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!



Til sölu

glæsilegt Nýtt Tabbert
davinci 540 hjólhýs.

Hjónarúm og koja svefnpláss fyrir 7.
Verð 4,060,000,

Tilboð **2,990,000,-** stgr.
skoða öll skipti,

Upplýsingar í síma 860-1998



Savage
fjarstýrðir
torfæruþrúkkar
frá HPI



3.5 - 46.500 kr



4.6 - 59.500 kr



5.9 - 77.700 kr



Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is



Menning og mannasíðir

Valgerður Guðmundsdóttir, þjóðfræðingur og meistara-nemi í lögfræði, er nýkomin heim úr námi í Vínarborg.

„Ég var skiptinemi við Háskólann í Vín en ég kynntist borginni fyrst fyrir tíu árum og gjörsamlega féll fyrir henni. Þess vegna varð hún fyrir valinu þegar ég fór að skoða skiptinám,“ segir Valgerður.

Námið í Vínarborg var að sögn Valgerðar mjög frábregðið því sem hún hefur vanist við Háskóla Íslands. „Lagadeildin er miklu stærri og margir prófessorarnir eru frægir á sínu sviði. Mikið framboðið var líka af fjölbreyttum val-áföngum,“ útskýrir hún.

Að sögn Valgerðar er Vínarborg mikil lista- og menningarborg og margt af því sem hún hefur upp á að bjóða er miðsvæðis. „Það er talsvert af fallegum byggingum og söfnum í miðbænum og gaman að ganga þar um,“ segir Valgerður en sjálf bjó hún í níunda hverfinu þar sem Sigmund Freud bjó á sínum tíma. Einnig eru margir fallegir



Pínghúsið í Vín er glæsileg bygging.



Valgerður starfar í sumar hjá Rétti – Adalsteinsson & Partners.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

almenningsgarðar í borginni og þar eyddi Valgerður gjarnan dögum með nesti og góða bók.

„Hvað menningarlegan mun varðar þá eru Vínarbúar mjög kurteisir. Í lyftum heilsast fólk þegar það gengur inn og kveður þegar það gengur út. Sama á við um búningaklefa í líkamsræktinni. Þegar fólk gengur þaðan út kastar það kveðju á alla hina. Mér fannst þetta frekar skrítið til að byrja með en svo vandist ég þessu,“ segir hún og hlær.



Valgerður ferðaðist mikið þá sex mánuði sem hún dvaldi í Vínarborg. „Ég ferðaðist mikið innan Austurríkis; fór til Linz, Salzburg, Innsbruck og Graz og líka til Bratislava, höfuðborgar Slóvakíu, sem er aðeins klukkustund frá Vín, en það er mjög auðvelt að ferðast til annarra landa frá borginni því



Freud bjó í sama hverfi og Valgerður en heimili hans hefur verið gert að safni.

staðsetning hennar er frábær,“ segir hún.

klara@frettabladid.is



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

Lykill fortíðar



Aðalstræti 16
www.reykjavik871.is

Reykjavík
871±2

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggjast inn í lífið á landnámsöld. Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

Montreal

í ágúst

frá kr. **29.990**



Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 8., 15. og 22. ágúst. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýji tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag.

Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. **29.990.**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð í ágúst.

Verð kr. **49.990**

flug og gisting í viku. Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi á Travelodge með morgunverði í viku, sértilboð í ágúst.

Verð kr. **76.600**

glæsileg gisting **** Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíþýli á Hyatt Hotel **** með morgunverði í viku, sértilboð í ágúst.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Auglýsingasími

512
5050



– Mest lesið

BÍLAR & FARARTÆKI



Opel Astra 1600 station ekinn 102.000.- km ný tímareim og 09 skoðun, sumar og vetrardekk á felgum. Verð 590.000.- 100% lánakjör. Sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnúmer 178110

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is



Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!

Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Fleiri útfærslur í boði. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax !



Nýr Dísel Dodge Ram Mega cab

2500 MEGA CAB 6,7L LARAMIE. ATH ! NÝJA 6,7 LÍTRA VÉLIN SEM TOGAR 868 NM. SÍÐASTI EINTAKIÐ ÁN HRAÐATAKMARKARA ! ABS hemlar - Ampúði - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Glerþoppplúga - Hiti í sætum - Hraðastíllir - Höfuðpúðar aftan - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Túrbína - Veltistýri - 6 prepa sjálfskipting. 7 Infinity hátalara + aðgerðarhnappa í stýri + 6 diska Cd með MP3 afsplun + „Electronic Shift on the Fly“ + hiti í fram-sætum + stökkur í lofti með „Trip“ tölvu + bílskúrshurðaoopnari + rafknúin sæti fyrir bílstjóra og farþega. 11,50 afturröxl. 3,73 „Axel Radio“. Krömuð silsarör, Afturrúðuhitari. „Bedliner“ í palli, ofl. Til afgreiðslu strax ! Frábært verð aðeins kr : 5.190þ.

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



VW GOLFTRENDLINE Árgærd 2007. Ekinn 27 þ.km Verð 2.590.000 Glæsilegur bíll. Er á staðnum.

Heimsbílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á
Heimsbílum Klettháls 2 S:
567-4000. Sjá fleiri myndir á
www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is



Toyota Land Cruiser 120 VX 33" (111999) 1/2005, dísel, ssk, ekinn 56 þús km, 33" breyttur, leður, dráttarkr, ofl... Ásett verð 5.390 þús. Áhvilandi 4.950 þús.



Toyota Rav4 (111979) 7/2005, bensín, ssk, ekinn 38 þús km, álfelgur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 2.990 þús. Áhvilandi 2.750 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Toyota Rav4 (111981) 10/2005, bensín, ssk, ekinn 43 þús km, álfelgur, rafdrúður og speglar, ofl... Ásett verð 2.990 þús. Áhvilandi 2.750 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Toyota Rav4 (271053) 11/2004, bensín, ssk, ekinn 40 þús km, álfelgur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 2.490 þús. Áhvilandi 2.130 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Toyota Land Cruiser 90 LX 35" (212293) 1/1997, dísel, ssk, ekinn 151 þús km, 35" breyttur, dráttarkr, ofl... Ásett verð 1.290 þús. Áhvilandi 845 þús.



Lexus RX300 (270387) 10/2003, bensín, ssk, ekinn 66 þús km, leður, rafmagn í öllu, xenon, ofl... Ásett verð 3.190 þús. Áhvilandi 3.060 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Lexus IS200 Limited (135533) 5/2004, bensín, ssk, ekinn 97 þús km, leður, spoilerkit, xenon, ofl... Ásett verð 2.350 þús. Áhvilandi 1.700 þús.



Ford F-350 Lariat 35" (111858) 2005, dísel, ssk, ekinn 90 þús km, 35" breyttur, leður, dráttarkr, filmur, ofl... Ásett verð 3.490 þús. Áhvilandi 3.430 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Ford Explorer XLT (112032) 2002, bensín, ssk, ekinn 114 þús km, álfelgur, rafdrúður og speglar, ofl... Ásett verð 1.690 þús. Áhvilandi 1.130 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Hyundai Terracan GLX 35" (212253) 3/2005, dísel, ssk, ekinn 60 þús km, 35" breyttur, dráttarkr, kastaragrind og kastarar, ofl... Ásett verð 3.290 þús. Áhvilandi 2.810 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU + 120 ÞÚS KR !



Hobby 10 (135809) 5/1998, eldaveið, vaskur, fortjald, ísskápur, ofl... Ásett verð 1.200 þús.



Ford F-350 Lariat 35" (111858) 2005, dísel, ssk, ekinn 90 þús km, 35" breyttur, leður, dráttarkr, filmur, ofl... Ásett verð 3.490 þús. Áhvilandi 3.430 þús. FÆST FYRIR YFIRTÖKU !



Ford EXPEDITION EDDIE BAUER 4X4, árg 2007, ek 53þús.km, Sjálfsk, Filmur, DVD, Leður, 22" felgur, omfl. Einn með öllu. Verð 5900þús, Fæst á Yfirtöku á láni+230þús!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



66þ.km!!! VW TRANSPORTER. Árgærd 1999, ekinn aðeins 66 þ.km, bensín, ný tímareim og ný dekk. Verð 970þ. Spes eintak! Til sölu og sýnis hjá Bílalíf Klettháls 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Bílar til sölu



Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porsche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.



Opel Astra
árg.'99. Ekinn 154 þús. Pioneer CD m/mp3. Nýskoðaður og tilbúinn í ferðalagið. Verð 490 þús. Sígrfs 821 5815 axford@gmail.com



Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúin í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánalegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



2007 Buggy bíll til sölu. Vw 1600DP mótör, Beinskíptur, 250 þúsend. Áhugasamir hringi! í 690-2157 fyrir frekari uppl. Myndir: <http://i19.tinypic.com/4z09g2c.jpg> <http://i10.tinypic.com/6236tsk.jpg>



Til sölu Chevrolet Corvette Stingray árg. '74 Ek.44.þ.mílur 350cc sjálfsk.orginal bíll í toppstandi Fæst fyrir 1.290.000. uppl. 896-5290



Nissan Almera 1.6 SLX. 5g. Árg.'98. Ekinn 175 þús. Skoðaður '09. Sumardekk á álfelgum og vetrardekk á stálfelgum. Bíll í góðu standi. Verð 220 þús. Uppl í s 848 0944.



Auðveld Yfirtaka
2001 Benz E320 4matic, ek. 156 þ. km. Nýkominn úr 150 þ. km. skoðun hjá Ræsi. Sk. 09. Bíll í toppstandi. Auðveld kaup aðeins 490 þ. út + yfirtaka. Áhv. 1300þ. S. 869 5336.



VW Passat basic line/sedan árg. '01. Ek. 117 þ. km. Áhv. 340 þ. Topp þjónustubók. Beinsk. Verð 790 þ. Uppl. í s. 892 0356.



M. Benz E230 árg. '91 Ek 215 þús. Bíll í toppstandi, Nýskoðaður Verð 220 þús Uppl í síma 892 4580



M.benz E 500 4Matic 8/2004 ek 47.þ.km Leður, luga, lofpuðafjörðun, 4x4, 4x4 ofl, ATHuga skipti Verð 4.990.000.- Nánari upplýsingar í síma 899-5379



Audi A 6 5/2006 ek 37.þ.km 18" álfelgur, ssk, Fluttur inn nýr af umboði, ATHuga skipti. Verð 4.390.000.- Nánari upplýsingar í síma 899-5379



Trans Am 6 gíra
Pontiac Trans Am árg 99 LS1 6 gíra beinskíptur nýsk.09 leður-T-toppur áhv. 1550 þús 32 þús á mán verð 2290 þús. Ath öll skipti eða gott staðgreiðsluverð! 693 5053.



Toyota Yaris T-Sport 2004 ek.73þ. Ásett 1.300 þ. ekkert lán, engin skipti. Reyklaus & skoðaður '09. S. 825 7252.



Til sölu Caravelair osiris 2007 Ásett 2,190,000.- Skoðar öll skipti. Er á staðnum.



Einn ódýr og góður Opel Vectra 2000 e.130þ sk.09 álfelgur og aukaumgangur Vel með farin, eyðir litlu, v.390þ S 840 3292



Góður í skólann Toyota Yaris 2001 e. 145þ sk.09 Low profile, álfelgur,nýjar bremsur v.420þ S 840 3292



Til sölu flottur Mustang 2004. V6., ek. 17þ. ssk., afmælistúgáfa. Premier, lofkæling, CD, spoiler, MP3., rafm. í rúðum og sætum. ofl. Skoða öll skipti. Uppl. í s. 822 0089.



Alfa 156 2,0 Tspark-155 hö-Ek 135P-Ný tímareim-Nýl bremsur-Kúla-Aðeins 290.000



Skoda fabia árg.'02. Nýbúið að skipta um afturhjólalegur, bremsuklossa og diska. Mjög vel með farinn keyrður 82.000km. Áætlað verð 600.000 kr. uppl. í síma 848 9921.



Góður í sveitina og veiðina

Pajero V6 bensín langur 7 manna Árg. '92 einn með öllu. Ek 157 þús. km. Er á nýlegum felgum með sumardekkjum og nýjum vetradekkjum á nýkum felgum. Ný skoðaður á athugasemda. Verð 350.000.- Upplýsingar í síma 848 2751.



Yfirtaka 100% lán til 6 ára Nissan Patrol GR árg 2004 - 7 manna, 33"dekk, ek 57þús, mjög gott eintak-leður-sól-luga-sjálfsk-diesel-dráttarkúla-rafmagn í sætum ofl-geislaspilari-158hó-túrbína-álfelgur og mfl. uppl í síma 893-0202.



Lexus IS 300 árg. '02 ek. 60 þ. Leður, luga, ssk. Listav. 2,3 tilboð 1600þ. Skoða öll skipti & Raðgreiðslur mögulegar. S. 822 0350.



S.Legacy 06 ek:30þ.4x4 S+V dekk, krökur. Frábær fjölsk.bíll. V:2,7m S 856 7481



100% Lán Nissan Patrol Exclusive 07/07 Ek. 24 þ. Ssk. Einn með öllu. Stærri dekk. Sérlega glæsilegur bíll. Verð 5,7 mil. lán 5,3 Fæst gegn yfirtöku Uppl. 770 7022. Skoða skipti.

Nissan Pallbíll árg.'94. Stór og góður pallur, frábær vinnubíll. V180þ. Uppl í s. 863 3492

Tilboð óskast í Volvo 850 station '94 nýskoðaður '09. Dráttarkrókur. Útlit gott. S. 659 5293.

pajero 95 vel með farinn V6 3500 með nánast öllu 7 manna 32"dekk selst ódýrt.S.8643508

Útsala Ford Explorer '96 ek. 164 þús. Ssk. sk. '09 v. 150 þ. ath. skf.ódyrari. S. 868 7188

Litill réttingarabekkur á hjólum. Verð 250 þ. S. 868 7188.

Til sölu. Ford Escort árg.'97. 1600, nýskoðaður. Verð 195þ. Einnig Isuzu pickup árg.'96. S: 840 7796.

Toyota Carina E árg.92 ekinn 108 þús. km. Ný vetrardekk á felgum. S: 866 1024

0-250 þús.



Góður Grand Cherokee 95, ekinn 190.000 fæst á sanngjörnu verði. sími 6918597



Ódýr og góður hyundai accent árg 98" til sölu ekinn 102 þúsund km beinsk 4dyra nýskoðaður verð kr 180 þúsund stgr. uppl í síma 8204640.

Suzuki Baleno 4x4 árg.'00. Ek. 130 þús. Vetrard. fylgja. Fæst á 150 þús. Uppl. í s. 698 2887.

1.000.000 + loaded X5 og Santa Fe á yfirtöku. Nánari upplýsingar: http://sim-net.is/zazou/

250-499 þús.



Pajero 1993 V6 3000 sjálfsk.ek.218þ.km mjög snyrtilegur bill .Góð dekk, cruise control. verð 275þús.uppl í s.8488831

Til sölu Musso bensín mjög góður. Árg. '97 Verð 250 þ. Uppl í síma 897 8825.

MÖMMUBÍLL ! Vantar góðan ódýran bíl handa mömmu. Stefán s. 897 2790.

500-999 þús.



Fer á yfirtöku á láni. Láni stendur í 584 þús. Afb. milli 20-25 á mánuðu. frekari uppl. S: 8494989

1-2 milljónir



Glæsil Grand Vítara 45þkm,Víðmið-unarv fyrir svona bíl er 1.930.000.- fæst fyrir mikið minna,5 gir,Fjarstýr læs,Geislasp,Hiti sæt,Höfuðp aftan,Inn-spý,Líknarb,Leður sæti,Rafrd rúður,Rafrd speglar,Reyklaus,Álfelg,Spoler,8951961

2 milljónir +



VW Touareg V6 2004 vel með farin og glæsilegt eintak. Nýskoðaður og nýsmurður. Ekinn 81 þús. Ásett verð 3,45m, Áhv 2,8m. Fæst gegn yfirtöku á láni og 250þús í milli. S:858-6779



Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Bílar óskast

Skoðaður bíll óskast
Fyrir allt að 150 þús stgr. Uppl í s. 894 9002

Jeppar



Til sölu er Toyota Hilux Diesel 2.5. Árgerð 08/05. Ekinn 62 þús. Eyðsla 8,5 l/100km í langkeyrslu 10l innanbæjar. Verð 2.390 þús. Ath skipti á ódýrari. Uppl í s 848 0944.



Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Til sölu Land Cruiser GX '00 Diesel Common Rail, 35" Sjálfskiptur, Ný tíma-reim ofl Listaverð 2.150 Tilboð 1.700þ Sími 897-2454



MEÐ FRÁ UPPHAFI Flestir skipuleggjendur hafa séð hátíðina vaxa úr grasi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

auðvelt það er að koma til Íslands. Hversu opið samfélagið er. Þetta er undantekningalausast þannig að erlendir listamenn hafa samband við okkur, við þurfum ekki að óska eftir því. “ Margur björninn hefur verið unninn í málum samkynhneigðra og fátt eftir hvað lög varðar. „Það er einna helst það að koma á hugarfarsbreytingu hjá ákveðnum þjóðfélagshópum sem bera forðoma í okkar garð sökum þess að þeir þekkja okkur ekki.“ „Við tókum þá afstöðu strax í upphafi að vera jákvæð. Alveg sama hvað móti blés, við brostum alltaf. Ég var nú göngustjóri fyrstu göngunnar og það var ýmislegt sem maður segir frá í góðra vina hópi sem kom upp á. Við tókum bara á því og sögðum svo við fjölmiðla, okkur gengur vel og allir taka okkur vel. Ég held að það hafi verið rétt ákvörðun til

að fá stækkandi hóp í kringum okkur. Að vera ekki að væla heldur taka bara á því bak við tjöldin. Það tókst okkur og nú erum við orðin, að við fullyrðum, önnur stærsta hátíð í borginni.“ Hátíðin dreifist um borgina, en eini „gay“-staðurinn er Q bar. „Það er okkur mjög mikilvægt að hafa stað. Vandí staða fyrir samkynhneigða hefur verið að þeir hafa verið heldur stórir og við heldur fá. Oft heyrir maður spurninguna: Af hverju þurfið þið sér stað? Ég spyr á móti, hvernig eigum við annars að finna hvort annað?“ Því hefur verið haldið fram að samkynhneigðir séu með „gaydar“ til að finna hvort annað. „Það er goðsögn. Þá er minn bilaður að minnsta kosti, það er nokkuð ljóst!“ Þegar hafa fleiri skráð sig í gönguna en tóku þátt í fyrra og enn er tekið við skráningum.

Meiri textarýni fyrir ráðskonuna

Hjálmar Sigmarsson túlk- ar nýjan texta Baggalúts sem hvatningu til nauðgana. En viðbjóðinn er að finna víðar. Í raun er íslensk dægurlagasaga uppfull af kvenfyrirlitningu, klámi og hvatningu til nauðgana. Til dæmis:



DÆGURLAGASAGAN ER VIÐBJÓÐUR! Hjálmar Sigmarsson hefur aðeins bent á topp ísjakans.

Út á stoppistöð „Nú þrumuskuð, ég narra vil í limbó, og svo negla þær og tálga aðeins til.“ Hér er greinilega verið að hvetja til ofbeldisfullrar nauðgunar. Stuðmenn ættu að skammast sín.

Stolt siglir fleyið mitt „Stolt siglir fleyið mitt stórsjón- um á. Sterklegur skrokkurinn vaggar til og frá.“ Eða öllu heldur: Risastór phallus vaggar til og frá tilbúinn að nauðga öllu sem á vegi hans verður.

Spenntur „Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér. Mig langar bar'ad vera einn með þér.“ Af hverju vill sögumaðurinn vera einn með konunni? Greinilega til að getað nauðgað henni.

Hafið bláa hafið „Beggja skauta byr, bauðst mér aldrei fyrr. Bruna þú nú, bátur minn.“

Lítt dulbúin karlremba. Það sjá allir hvað „bátur“ er og hvert hann á að „bruna“.

Vertu ekki að horfa „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig, ef þú meinar ekki neitt með því.“ Má kona ekki horfa á mann nema hún hvetji hann til samræðis? Þetta er gróf karlremba sem á ekkert erindi við samtímann.

Farin „Ertu þá farin, ertu þá farin frá mér? Hvar ertu núna, hvert liggur mín leið?“ Fórarlamb sleppur undan kvalara sínum. Leið hans ætti umsvifalaust að liggja í fangelsi.

IV AFHÖFÐUNIN

Lögmál 4: Bikarinn er fullur og froðutoppurinn rís upp yfir brúnina. Þá er froðusveðjan tekin. Henni er beint frá líkamanum og strokið lárétt með 45 gráðu halla, hársbreidd yfir brúninni. Stærstu loftbólurnar hafa leitað efst í froðuna og mistakist þetta skref munu þær springa þeim afleiðingum að froðan fellur hratt. Án froðunnar er ölið varnarlaut og verður flatt á skammri stundu.



V DÓMURINN

Lögmál 5: Að lokum verður að tryggja að froðutoppurinn sé af nákvæmlega rétttri þykkt. Fullkonnunin felst í smáatriðunum: Í 33 cl bikar skal froðan vera nákvæmlega 3 cm. Hvorki meira né minna. Þetta samsvarar samanlagðri breidd vísifingurs og löngutangar þess sem njóta skal.





BREYTTI NAFNINU Katy tók upp eftir-nafnið Perry í stað Hudson, til að verða ekki ruglað saman við leikkonuna Kate Hudson.

NORDICPHOTOS/GETTY

Fimm vikur á toppnum

Söngkonan Katy Perry hefur setið í toppsæti bandaríska Billboard-listans fimm vikur í röð með lagi sínu I Kissed a Girl. Lagið mun því vera vinsælasta lag sumarsins vestanhafs, en það hefur einnig notið töluverðra vinsælda hérlandis.

Katy, sem er aðeins 23 ára gömul hefur samið lög og spilað á gítar í nokkur ár. Hún breytti nafni sínu úr Katy Hudson í Katy Perry, þar sem henni þótti sitt upprunalega nafn of líkt nafni leikkonunnar Kate Hudson.

Önnur plata Katy, One of the Boys, kom út í byrjun sumars. Hún inniheldur meðal annars lagið I Kissed a Girl og fyrstu smáskífu plötunnar, Ur So Gay, sem vakti mikla athygli eftir að Madonna sagði lagið vera í miklu upphaldi hjá sér.

Vill Depp í hlutverkið

Rokkarinn Tommy Lee hefur lýst því yfir að hann vilji að Johnny Depp leiki sig í kvikmynd byggðri á sögu hljómsveitarinnar Mötley Crue. Ástæðan fyrir að Tommy Lee er svo æstur í að fá Depp í hlutverkið er sú að honum finnst þeir búa yfir sömu persónueinkennum. „Við erum að vinna í myndinni og erum að reyna að finna hentugan leikstjóra, framleiðendur og leikara,“ sagði Lee.



STUÐ Í HÖLLINNI Seinustu tónleikar Gus Gus hérlandis voru með David Guetta.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Gus Gus á Nasa í ágúst

Gus Gus halda tónleika á Nasa 16. ágúst. Það eru þeirra fyrstu hérlandis síðan þau spiluðu í Laugardalshöll í júní, en þau hafa verið á tónleikaferðalagi um helstu danshátíðir heims, líkt og Creamfields, Melt og Nu Note Lounge. Sveitin hyggst frumflytja nýtt efni, en útgáfa nýrrar skífu er fyrirhuguð snemma á næsta ári og hafa President Bongo og Biggi Veira samið efni frá áramótum. Miðasala fer fram á midi.is og hefst hún innan skamms.

- kbs

Útihátíð í Kópavogi

Ekki ætla allir að fara á hefðbundnar útihátíðir í ár. Eiður Ágúst Egilsson stendur fyrir Westcoastfest 2008 um verslunarmannahelgina. Hátíðin stendur frá föstudegi til mánudags. Á Westcoastfest mætir fólk með tjöld og áfengi á Hælistúnið í Kópavogi og skemmtir sér við gítarspil og samsöng, á einhvers konar „semi-útihátíð“.

En af hverju að tjalda í Kópavogi? „Ég bý í vesturbæ Kópavogs. Við gerðum þetta fyrir tveimur árum, þá var þetta bara lítið, bara nokkrir vinir,“ segir Eiður. „Við bara tjölduðum og spiluðum á gítar og höfðum það gott. Mér datt í hug að bjóða aðeins fleirum í ár.“ Rúmlega hundrað

manns hefur verið boðið á Facebook-vefsvæðinu.

„Það er ekkert planað, þetta er bara svona hittingur.“ Eiður segir þau vinina ekki nenna út á land. „Þetta er alveg nógu langt fyrir okkur. Ég fór til Eyja einu sinni og á Eldborg. Ég lenti í algjöru rugli í Eyjum, rigningu, roki og veseni.“ Hann óttast ekki regn núna. „Ef rignir þá getur maður stokkið heim í næsta hús og náð sér í regnföt.“ Það að flýja inn er hins vegar ekki í boði, þótt stutt sé að fara. „Nei, engan aumingjaskap.“ En getur hver sem er kíkt við eða tjaldað? „Alveg endilega!“ Westcoastfest stendur alla helgina, eins og hver önnur verslunarmannahelgar-hátíð.

- kbs



LÍTIL ÚTHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI Eiður stendur fyrir Westcoastfest.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Bono verður guðfaðir

Angelina Jolie og Brad Pitt hafa beðið Bono, forsprakka írsku hljómsveitarinnar U2, um að vera guðfaðir tvíburanna nýfæddu. „Þau hafa verið vinir í fjöldamörg ár. Brad er mikill U2-aðdáandi og hann var kynntur fyrir Bono í veislu fyrir nokkrum árum. Þeir tveir hafa verið miklir mátar síðan þá. Angelina á margt sameiginlegt með Bono því þau eru bæði á kafi í mannúðarstarfi og hún er einnig vinkona eiginkonu Bonos, Ali Hewson,“ sagði heimildarmaður við breska blaðið Mirror.

Tvíburarnir sem fæddust um miðjan júlí hafa fengið nöfnin Knox og Vivienne.

Nú fást ONE smokkarnir einnig hjá okkur



Samkaup strax

HYRNAN

Samkaup úrval

KASKO



netto

ONE

SMÖKKUR.IS

5% af allri sölu ONE smokka rennur til góðgerðarmála og hjálparstarfa um allan heim - one.org

> Sara Björk í Breiðablik

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum netmiðilsins Vísis í gærkvöld mun landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir ganga í herbúðir Breiðabliks í Landsbankadeildinni. Hún kemur frá 1. deildarliði Hauka og hefur aldrei áður leikið í efstu deild. Hin tæplega átján ára Sara Björk hefur leikið sjö leiki með Haukum í 1. deildinni í sumar og skorað fimm mörk. Hún braust fram á sjónarsviðið þegar hún var valin í A-landsliðið á síðasta ári og hefur síðan leikið níu landsleiki og skorað tvö mörk og meðal annars verið í byrjunarliðinu í tveimur síðustu leikjum liðsins í undankeppni EM 2009.

sport
sport@frettabladid.is



NJARÐVÍKINGURINN JÓHANN ÁRNI ÓLAFSSON: MUN SEMJA VIÐ ÞÝSKA PRO-B LIÐIÐ CRAILSHEIM MERLINS

Lít á þetta sem stökkpall fyrir eitthvað meira

Njarðvíkingar munu verða fyrir blóðtöku í körfuboltanum á næstunni því landsliðsmaðurinn Jóhann Árni Ólafsson skrifar undir samning við þýska liðið Crailsheim Merlins sem spilar í Pro-B deildinni.

„Ég er kominn með samninginn í hendurnar en er ekki búinn að skrifa undir,“ sagði Jóhann Árni kátur í gær. „Þetta er það sem maður er búinn að stefna að síðan að maður var þínulítil og þetta er draumur að verða að veruleika,“ segir Jóhann Árni sem fær stórt hlutverk hjá liðinu.

„Þeir ætlast til voðalega mikils af mér. Ég er búinn að tala við þjálfarann og hann vill að ég komi með kraft og orku inn í liðið,“ segir Jóhann Árni og bætir við. „Þeir líta á mig sem byrjunarliðsmann. Liðið ætlar að komast upp og það væri frábært fyrir mig að fara upp með þessu liði og spila þá í Pro-A. Ég lít aðallega á þetta sem stökkpall fyrir eitthvað meira. Ég vildi finna mér lið þar sem ég fengi að spila og

sanna mig og þá fæ ég annað hvort að vita það hvort ég geti þetta eða geti þetta ekki,“ segir Jóhann raunsær. „Ef maður stendur sig þá er þetta klárlega stökkpallur því það sjá mann fleiri þarna en hér heima á Íslandi. Framkvæmdastjóri félagsins sagði við mig að ef ég kæmi með sama áhuga og kraft og Logi [Gunnarsson] þá værum við báðir í toppmálum,“ segir Jóhann en Crailsheim er 33 þúsund manna borg í Suður-Þýskalandi ekki langt frá Stuttgart.

„Það er rosalega mikil stemning þarna og gríðarlegur áhugi fyrir körfubolta í þessum bæ. Logi talaði um að þetta væri skemmtilegasti útivöllurinn í deildinni að hans mati,“ segir Jóhann Árni. „Ég sá viðtal við kanann hjá þeim, sem var að framlengja samninginn við liðið, þar sem hann sagði að ástæðan fyrir að hann skrifaði undir aftur væru aðdaendurnir og hvað þeir væru æðislegir. Ég held að þetta sé svona eins og Njarðvíkurnar eru. Allt þarna snýst meira eða minna um körfubolta,“ segir Jóhann en segir samt erfitt að yfirgefa Njarðvík. „Það er leiðinlegt að skilja við Njarðvík og ég vildi gjarnan vera með þeim áfram. Maður verður bara að hugsa um sjálfan sig og ég held að þetta sé það rétta fyrir mig núna.“



ÞJÁLFAFINN Purfti að skera hópinn niður í gær. RÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsliðið sem fer á ÓL:
Birkir og Vignir ekki í hópnum

HANDBOLTI Hvorki Birkir ívar Guðmundsson né Vignir Svavarsson fara með handboltalandsliðinu til Peking á Ólympíuleikana. Fjórtán manna leikmannahópur Íslands var tilkynntur í gær en Bjarni Fritzson fer með sem fimmtándi maður. Hann spilar aðeins ef meiðsli koma upp. Fjórir detta úr æfingahópnum, auk Birkis og Vignis þeir Hannes Jón Jónsson og Rúnar Kárason. Birkir er einn reynslumesti markmaður Íslands með 135 landsleiki á bakinu. Vignir hefur líkt og Birkir verið með í síðustu stórmótum í landsliði Íslands.

- hþh

HÓPURNIN:

Markverðir:

Björgvin Gústavsson (Fram)
Hreiðar L. Guðmundsson (Savehof)

Aðrir leikmenn:

Alexander Petersson (Flensburg)
Arnór Atlason (FC København)
Ásgeir Örn Hallgrímsson (GOG)
Guðjón Valur Sigurðsson (Kronau)
Ingimundur Ingimundarson (Minden)
Logi Geirsson (Lemgo)
Ólafur Stefánsson (Ciudad Real)
Sigfús Sigurðsson (Valur)
Snorri Steinn Guðjónsson (GOG)
Sturla Ásgeirsson (Aarhus GF)
Sverre Jakobsson (HK)
Róbert Gunnarsson (Gummersbach)

Eiður Smári Guðjohnsen:
Hnéð er enn til vandræða

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen gat ekki æft með Barcelona í gær þegar liðið kom allt saman að nýju eftir æfingaferðina til Skotlands þar sem liðið vann tvo leiki með markatölunni 11-1.

Eiður Smári lék manna mest í liðinu í ferðinni og skoraði tvö góð mörk. Hann glímir hins vegar enn við meiðsli í vinstra hné og gat af þeim sökum ekki verið með á æfingum liðsins í gær.

Fram undan hjá Börsungum er ferð til Ítalíu og Bandaríkjanna.

- óój

Síst of stór sigur hjá KR-ingum

KR-ingar unnu sannfærandi sigur á Fjölni í Landsbankadeildinni í gærkvöld sem var síst of stór. Þeir skoruðu tvö mörk gegn bitlausum Grafarvogsbúum. Bjarni Guðjónsson spilaði fyrir KR og lék ágætlega.

FÓTBOLTI KR-ingar eru komnir upp að hlið Fjölni í töflunni eftir 2-0 sigur á Grafarvogsfélaginu í gær.

Fyrri hálfleikurinn var bragðdaufur en fullur af baráttu. Björgólfur Takefusa skaut framhjá úr dauðafæri eftir 24 sekúndur en heimamenn voru mun grimmari.

Fjölnismenn seldu sig ekki dýrt og virkuðu sem keilur sem liprir heimamenn dönsuðu framhjá án þess þó að skapa sér hættuleg færi. Flest skotin trufluðu Hrafn markmann ekki mikið. Sókn Fjölnis var léleg, sendingarnar daprar og félagið komst vart yfir miðju.

Það þurfti eitthvað sérstakt til að brjóta þykkann isinn í gær og það tókst Gunnari Erni Gunnarssyni. Stórbrotið mark hans kom upp úr engu, Guðjón sendi fyrir utan af kanti og Gunnar hamraði boltann óverjandi í netið á lofti. Staðan 1-0 í hálfleik.

Bjarni varð fyrsti maður í Íslandssögunni til að spila með

HART BARIST Leikur KR og Fjölnis var nokkuð harður á KR-vellinum í gærkvöld. KR-ingar skutust með sigrinum upp fyrir Fjölni í deildinni.



RÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KR	2-0	FJÖLNI
1-0 Gunnar Örn Jónsson (39.), 2-0 Björgólfur Takefusa vsp. (62.), Rautt spjald: Ólafur Páll Snorrason (87).		KR 4-4-2 Stefán Logi Magnús. 7 - Skúli Jón Friðgeirsson 6 (52., Bjarni Guðjónsson 6) - Grétar S. Sigurðarson 8 - Pétur H. Marteinsson 7 - Guðmundur R. Gunnarsson 6 - Gunnar Örn Jónsson 6 (68., Atli Jóhannsson 6) - *Jónas Guðni Sævarsson 8 - Víktor Bjarki Arnarsson 8 - Óskar Örn Hauksson 5 - Björgólfur Takefusa 6 - Guðjón Baldvinsson 6 (79., Guðmundur Pétursson -).
KR-völlur, áhorf.: 2.317 Einar Örn Danielsson (3)		Fjölnir 4-5-1 Hrafn Davíðsson 4 - Magnús Ingi Einarsson 4 - Óli Stefán Flóventsson 5 - Kristján Hauksson 5 - Gunnar V. Gunnarsson 4 - Ólafur P. Johnson 3 - Ásgeir A. Ásgeirsson 3 (79., Andri V. Ívarsson -) - Gunnar M. Guðmundsson 4 - Pétur G. Markan 4 (67., Tómas Leifsson 5) - Ólafur Páll Snorrason 2 - Ómar Hákonarson 3 (90., Davíð Þór Rúnarsson -).
TÖLFRAEÐIN		<i>*Maður leiksins</i>
Skot (á mark)	18-3 (5-2)	
Varin skot	Stefán Logi 2 - Hrafn 3	
Horn	9-3	
Aukaspyrnur fengnar	22-19	
Rangstöður	1-0	

Blikinn Arnór Sveinn fékk slæmt högg í fyrrakvöld:
Man eftir markinu

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Arnór Sveinn Aðalsteinsson hjá Blikum fékk þungt högg á kjálkann í leik Breiðabliks og Þróttar á Valbjarnarvelli í Landsbankadeildinni í fyrrakvöld. Hann lenti þá í samstuði við markvörðinn Bjarka Frey Guðmundsson hjá Þrótti og lá óvígur í grasinu eftir að hafa náð að pota boltanum framhjá honum og skora sitt fyrsta mark í efstu deild.

„Ég sá hann ekki fara í netið en ég man alveg eftir því að hafa potað í boltann, lent svo í samstuðinu og fengið höggið,“ sagði Arnór Sveinn en í fyrstu var talið að hann hefði kjálkabrotnað.

„Mér leist nú ekki alveg nógu vel á þetta fyrst. Ég var mjög vankaður og ruglaður strax eftir höggið og átti svo erfitt með andardrátt í sjúkrabílunum á leiðinni upp á spítala. En það kom ekkert út úr blóðrannsókn né myndatöku á kjálkanum og bringubeini annað en að allt væri í lagi og ég er bara nokkuð sprækur eftir þetta. Bitið er að vísu aðeins skakkt og ég er með verk í kjálkanum en þetta er ekkert til að kvarta neitt yfir,“ sagði harðjaxlinn Arnór sem ætlar sér ekki að missa neitt úr Íslandsmótinu með Blikum.

„Ég átti að taka því rólega í einn til tvo daga en ég ætla að byrja að skokka á fimmtudaginn og sjá hvernig það verður. Læknarnir er búnir að gefa grænt ljós á að ég finni mig sjálfur í þessu og ég á ekki að þurfa að missa af leik eða neitt, sem eru vissulega góð tíðindi,“ sagði Arnór Sveinn vongóður að lokum.

- óþ



RÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÞUNGT HÖGG Í fyrstu var talið að Arnór Sveinn hefði kjálkabrotnað eftir samskipti sín við Bjarka Frey, en svo var sem betur fer ekki.

AÐALFUNDUR ÍKFÍ

Haldinn miðvikudaginn 13.ágúst kl. 21:00
að Laugarvatni í húnæði khi íþróttaskors
Lagabreytingar. Sjá nánar á ikfi.net

Til föstudags 1. ágúst

SUMAR-MARKAÐUR

Sprengfull búð af frábærum tilboðum!



30%
afsláttur af grillum og grillvörum



30%
afsláttur af öllum stangveiðivörum og veiðifatnaði



40%
afsláttur af gönguskóm



50%
afsláttur af öllum garðhúsgögnum

DEVOLD



30%
afsláttur af öllum Devold-fatnaði

Columbia Sportswear Company



40%
afsláttur af öllum Columbia-fatnaði

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN



30%
afsláttur af öllum Didrikson-fatnaði



GÚMMÍSKÓR

1.506 kr.

Verð áður 2.510 kr.

40%
afsláttur af gúmmískóm



KOMDA 26"-REIÐHJÓL

gyllt/18 gíra

Vnr. 57379

17.900 kr.

Verð áður 32.368 kr.




FLAMES-GASGRILL

stál/3 brennara

Vnr. 53073

32.900 kr.

Verð áður 55.888 kr.



PRIMUS-FERÐAGASGRILL

m/gasslöngu og þr. jafnara

Vnr. 29776

4.900 kr.

Verð áður 7.080 kr.



ELLINGSEN-GASOFN

Vnr. 44048

7.500 kr.

Verð áður 17.879 kr.



CAMPING-GASHITARI

f. palla

Vnr. 47659

24.900 kr.

Verð áður 29.880 kr.



PRIMUS-TJALDHITARI

Vnr. 55344

5.900 kr.

Verð áður 11.861 kr.



COLEMAN-BORÐLAMPI

endurhlaðanlegur

Vnr. 30676

2.490 kr.

Verð áður 5.312 kr.




COLEMAN-TJALDDÝNA

uppblásin

Vnr. 22328

3.500 kr.

Verð áður 7.058 kr.



COLEMAN-LOFTDÝNA

stærð: 213x114x47 cm

Vnr. 30673

2.990 kr.

Verð áður 11.391 kr.



CAMPING-FERÐAKLÓSETT

Vnr. 55344

7.900 kr.

Verð áður 11.990 kr.



COLUMBIA-FLÍSPEYSA

2.990 kr.

Verð áður 15.276 kr.

Lokað um verslunarmannahelgina!

Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opíð mánudag–föstudag 10–18
Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • Opíð mánudag–föstudag 8–18

 **Ellingsen**
– fullt hús ævintýra

> Mike Myers

„Ég tek kjánaskap minn mjög alvarlega enda byggji ég lifi-brauð mitt á honum og er mjög ábyrgðarfullur varðandi starf mitt sem skemmtikraftur.“ Myers leikur í myndinni „So I Married an Axe Murderer“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON Á SUMARVEGI

Norpað í Norður-Noregi

Þátturinn Á sumarvegi er nú á dagskrá tvisvar á dag virka daga á Gufunni. Þetta er gestabáttur þar sem hinir og þessir leggja hlustendum lið við að stytta stundina með eintali, upprifjun frá vegferð daganna með tónlist í bland. Þeir opna glugga og miðla okkur persónulegum hughrifum, gefa okkur hlutdeild í sínu. Fyrir viku var blaðamaðurinn Kormákur Þráinn Bragason með yndislega frásögn af dvöl sinni á norðurströnd Noregs fyrir mörgum árum í bland við úrval af nokkrum tónlistarperlum úr norræna lagabankanum. Kormákur hefur næma tilfinningu fyrir frásögn og þó ætla megi að texti þáttarins hafi verið skráður áður en hann var fluttur kom skýrt í ljós að hér var á ferðinni kraftur sem Gufan á að kalla til frekari verka. Frásögnin var dramatísk og djúp, lituð rósrauðum og kómiskum undirtóni sem hélt manni



föngnum. Og ekki dró tónlistin úr ánægjunni: yndisleg músík frá þeim gríðarlega banka tónlistar sem svo lengi hefur þróast með frændum okkar og við náðum aldrei því hér miðaðist tónlistarval lengi við iðnaðarframleiðslu Engelsaxa og Bandaríkjamanna. Gufan hefur rétt eins og skemmtibarnið systir hennar, Rás 2, og hálsystirin Bylgjan með öllum sínum systkinum það hlutverk að miðla okkur fjölbreytilegri tónlist. Við tökum því sem sjálfsögðum hlut sem það er ekki. Framþróun alþýðutónlistar, bæði þeirrar sem hér er spunnin og hinnar sem að er flutt, er orðin æri fjölskrúðug. Það þarf hins vegar krafta eins og Kormáks til að glæða tal milli laga lífi, sem oft vill verða heldur þurr eða þá þus og yfirspennt fleipur í nafni hins oflofaða hressleika. Mættu menn í Efstaleitinu kalla Kormák oftar til.

EKKI MISSA AF



► 20.00 Baldni folinn (Rough Diamond) SJÓNVARPIÐ



► 20.05 Newlywed, Nearly Dead STÖÐ 2



► 20.10 Top Chef SKJÁREINN



► 21.15 Skins STÖÐ 2 EXTRA



► 22.00 The Skeleton Key STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 16.00 Út og suður (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Kappflugið í himingimnum
- 17.55 Alda og Bára
- 18.00 Disneystundin Nýi skólinn keisars, Sígildar teiknimyndir og Finni kostur.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Baldni folinn (Rough Diamond) (6:6) Breskur myndaflokkur um tamningamann í Kildare-sýslu á Írlandi sem stendur í stórræðum. Aðalhlverk: Conor Mullen, Stanley Townsend, Lorraine Pilkington, Eamon Morrissey og Ben Davies.
- 20.55 Svipmyndir af myndlistarmönnum (Portraits of Carnegie Art Award 2008)
- 21.00 Medium Raw Norsk stuttmynd.
- 21.10 Heimkoman (October Road) (5:6) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagna-höfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn. Aðalhlutverk: Brad William Henke, Bryan Greenberg, Evan Jones og Laura Prepon.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Sumarið '67 (Summer of Love) (1:4) Þýskur heimildarmyndaflokkur um sumarið '67 þegar þúsundir ungmenna flyktust til San Francisco til að ganga til liðs við hippahreyfinguna.
- 23.20 Kastljós (e)
- 23.40 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Thunderstruck
- 10.00 Jimmy Neutron: Boy Genius
- 12.00 Garfield 2
- 14.00 Thunderstruck
- 16.00 Fjölskyldubíó: Jimmy Neutron: Boy Genius
- 18.00 Garfield 2
- 20.00 So I Married an Axe Murderer Gamanmynd með Mike Myers í aðalhlutverki.
- 22.00 The Skeleton Key Spennumynd með Kate Hudson í aðalhlutverki.
- 00.00 Be Cool
- 02.00 Control
- 04.00 The Skeleton Key
- 06.00 Eulogy

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og félagar.
- 08.10 Oprah (Fascinating Families)
- 08.50 Í fínu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella
- 10.15 Notes From the Underbelly
- 10.40 Bandið hans Bubba (11:12)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.30 Neighbours
- 12.55 Grey's Anatomy (28:36)
- 13.40 Sisters (24:24)
- 15.30 Friends (23:24)
- 15.55 Skrímslaspilið (Yu Gi Oh)
- 16.18 BeyBlade
- 16.43 Tommi og Jenni
- 17.08 Ruff's Patch
- 17.18 Tracey McBean
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.49 Íþróttir
- 18.56 Ísland í dag
- 19.04 Veður
- 19.15 The Simpsons (12:22)
- 19.40 Friends (20:23)
- 20.05 Newlywed, Nearly Dead (1:13) Það er ekki tekið út með sældinni að vera genginn í það heilaga, búinn að binda sig tryggðarböndum til lífstíðar. Í þættinum fylgjumst við með nýgiftum hjónum í kreppu, fá allnýstárlega aðstoð frá færum hjónabandsráðgjöfum.
- 20.30 Cashmere Mafia (7:7)
- 21.15 Ghost Whisperer (37:44)
- 22.00 Oprah
- 22.45 Grey's Anatomy (29:36)
- 23.30 Women's Murder Club (6:13)
- 00.15 Moonlight (9:16)
- 01.00 Marked for Death
- 02.30 Crossing Jordan (5:21)
- 03.15 Cashmere Mafia (7:7)
- 03.55 Ghost Whisperer (37:44)
- 04.40 Newlywed, Nearly Dead (1:13)
- 05.05 Friends (20:23)
- 05.30 The Simpsons (12:22)
- 05.55 Fréttir

SPORT besta sætið

- 07.00 Landsbankadeildin 2008 KR - Fjölnir.
- 16.10 Landsbankadeildin 2008 KR - Fjölnir.
- 18.00 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggst á bak við tjöldin.
- 18.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
- 19.25 Arnold Schwarzenegger-mótið 2008 Sýnt frá Arnold Schwarzenegger Classic sem haldið var í Flórídariki. Í þessu móti er keppt í mörgum greinum afrauna og þangað mæta til leiks allir helstu og flottustu jötnar heims.
- 20.00 Meistaradeild Evrópu Man. Utd - Chelsea
- 22.45 Íslandsmótið í golfi 2008 Út-sending frá Íslandsmótnu í golfi sem fram fór í Vestmannaeyjum.
- 00.05 Main Event (#25) Á Heimsmótaröðinni í póker sejtast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spílaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

SPORT 2

- 18.05 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
- 18.35 Football Rivalries - Arsenal v Tottenham Magnaðir þættir þar sem ríður helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríð Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.
- 19.25 Football Rivalries - Arsenal v Tottenham
- 20.20 10 Bestu - Albert Guðmundsson Síðastur en þó alls ekki sístur í þessari þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar er Albert Guðmundsson. Í þessum þætti verða afrek Alberts skoðuð.
- 21.10 PL Classic Matches Leeds - Newcastle, 01/02. Hápunktnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 21.40 Masters Football Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Dynasty (e)
- 09.30 Vörutorg
- 10.30 Óstöðvandi tónlist
- 15.35 Vörutorg
- 16.35 Style Her Famous (e)
- 17.00 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
- 19.20 Design Star (e)
- 20.10 Top Chef - Lokabáttur Það er komið að stóru stundinni og úrslitin ráðast. Kokkamir eru í Las Vegas og úrslitakeppnin fer fram á veitingastað sem yfirdómariinn, Tom Colicchio, rekur í syndaborginni. Þar þurfa þeir að matreiða fimm rétta máltíð fyrir virta matreiðslumeistarar og gestadómari er leikkonan Lorraine Bracco.
- 21.00 Britain's Next Top Model (4:12) Bresk raunveruleikasæria þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Íslenski ljósmyndarinn Huggy Ragnarsson er meðal dómara í þessari þáttaröð. Þær ellefu stúlkur sem eftir eru sitja fyrir á myndum fyrir Lotus sportbíla.
- 21.50 Sexual Healing (2:9) Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með dr. Laura Berman hjálpa þörum sem komin eru í kynlífskrísu. Þátttakendurnir kynnast dýpri og innlegri samskiptum en áður. Í hverjum þætti kynnumst við þremur þörum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni og hvernig þeim gengur að framkvæma „heimaverkefni“ sem þeim eru sett fyrir.
- 22.50 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Eureka (e)
- 00.20 Dynasty (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



25% AFSLÁTTUR SUMARTILBOÐ





LYFJA - Lifið heil

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Ghost Whisperer – ný þáttaröð

Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans, Melindu Gordon, í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum sem hún býr í með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni. Melinda heldur ræðu í gagnfræðaskóla en verður strax vör við undarlega atburði. Svo virðist sem draugur klappstýru sé að valda klappstýrunum vandræðum á meðan þær undirbúa sig fyrir mikilvæga keppni.



► VIÐ MÆLUM MED

Sumarið ´67

Sjónvarpið kl. 22.25

Sjónvarpið mun sýna næstu miðvikudagskvöld þýskan heimildar-myndaflokk um ástar- og friðar-sumarið 1967. Upphafið setja menn á 14. janúar 1967 þegar uppákoman Human Be-In átti sér stað í Golden Gate-garðinum en um sumarið flyktust svo þúsundir ungmenna til Haight Ashbury hverfisins í San Francisco til að ganga til liðs við hippa-hreyfinguna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Viltu syngja minn söng?

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið

13.15 Á sumarvegi

14.03 Bravó, bravó!

15.03 Útvarpssagan: Barnið og tíminn

15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Flækingur

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

19.00 Á sumarvegi

19.40 Tónlist úr þularstofu

20.00 Leynifélagið

20.30 Tímakorn

21.10 Sólarglingur

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Mín liljan fríð

22.45 Saga Blue Note útgáfunnar

23.30 Loftbelgur

00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks

Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (3:24)

17.30 Special Unit 2 (9:19)

18.15 Skins (5:9)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (3:24)

Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Special Unit 2 (9:19)

Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oft en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

►21.15 Skins (5:9)

Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átöðskunar, eiturlyfja-neyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

22.00 Las Vegas (4:19)

Enn fylgjumst við með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilaflka, glæpahyski, fjár-glæframenn og aðrar veikgeða sálir.

22.45 The Kill Point (1:8)

Spennandi þættir um félaga úr hernum sem ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán.

23.30 Twenty Four 3 (10:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst ...

Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Elísabet Jökulsdóttir, Björk Jakobsdóttir, Kári Halldór.

21.00 Vigtarráðgjafarnir 3. þáttur

Umsjón: Kristín V. Óladóttir.

21.30 Hvað ertu að hugsa?

Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Þórólfur Þór-lindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvarinnar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Et deiligt hundeliv

11.30 DR Explorer

12.00 Det lille hus på prærien

12.50 Nyheder på tegnsprog

13.05 Flight 29 savnes!

13.30 SommerSummerum

13.35 Krampe-tvillingerne

14.00 SommerSummerum

15.05 Monster all-ergi

15.30 Kære Sebastian

15.50 Lisa

16.00 Se det sommer

16.30 TV Avisen med Sport

17.00 SommerVejret

17.05 Hercule Poirot

18.00 Søren Ryge - 27 nye haver

18.30 Sommerminder

19.00 TV Avisen

19.25 Sommervejret på DR1

19.35 PostDanmark Rundt 2008

20.00 En sag for Frost

21.40 Onsdags Lotto

21.45 Flair for mord

23.20 Seinfeld

NK1

8.00 Landsskytterstevnet 2008

15.50 Oddasat - nyheter på samisk

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Fiffi og blomsterbarna

16.10 Gnottene

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Riksarkivet

17.55 Kaoskontroll

18.25 Litt som deg

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen 21

19.35 Vikinglotto

19.45 House

20.30 I kveld

21.00 Kveldsnytt

21.15 Hva skjedde med Emily?

22.25 Atomspionasje: Superbombe

23.15 Du skal høre mye jukeboks

1* SVT 1

10.00 Rapport

10.05 Himlen över Danmark

10.35 Mitt i naturen

11.55 Den sista föreställningen

14.00 Rapport

14.05 Gomorron Sverige

15.00 Flyttasset går

15.30 Fantastiska berättelser

16.00 Lilla röda frakten

16.10 Storasyster och lillebror

16.15 Bosse bogserbåt

16.30 Hej hej sommar

16.31 Planet Sketch

16.50 Det femte väderstrecket

17.00 Blue water high

17.30 Rapport med A-ekon-omi

18.00 Uppdrag granskning - sommarspecial

19.00 Mördare okänd

20.40 Öppna portarna mot öst

21.10 Rapport

21.20 Sommartorget

21.50 Europakonsert från Moskva

23.20 Sändningar från SVT24



Gleymdirðu að kaupa lottómiða?

Njóttu þess að vera í fríinu með áskrift að Lottó!
Farðu strax á næsta sölustað eða á www.lotto.is og skráðu þínar tölur.

5

Fimmfaldur pottur um helgina



BESTI BITINN Í BÆNUM



„Sægreifinn. Ég fór þangað um daginn á afmælinu mínu og fékk humarsúpu. Hún var líka svona ljómandi góð og stemmingin er líka skemmtileg.“

Dóra Jóhannsdóttir leikkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. helminguð, 6. í röð, 8. krá, 9. munda, 11. nudd, 12. skattur, 14. digurmæli, 16. átt, 17. traust, 18. duft, 20. mergð, 21. stígur.

LÓÐRÉTT

1. hluti, 3. í röð, 4. jarðbrú, 5. hús-freyja, 7. fótabúnaður, 10. drulla, 13. nytsemi, 15. urin, 16. smáskilaboð, 19. kusk.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. brot, 3. áb, 4. landbrú, 5. frjú, 7. stígvél, 10. au, 13. not, 15. trjú, 18. mæl, 20. úi, 21. slöð.
LÁRÉTT: 2. hálf, 6. rs, 8. bar, 9. ota, 11. nu, 12. hlund, 14. g, 16. sv, 17. t.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

- Þrjú hundruð.
- Átta.
- Gordon Ramsay.

„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Gefðu vatn



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Magga Edda í Taekwondo-landsliðinu

„Ég er búinn að æfa í alveg fjögur, fimm ár,“ segir Margrét Edda Jónsdóttir, bakraddasöngkona Mercedes Club. Margrét er ekki öll þar sem hún er séð, ef svo má að orði komast. Hún á sér líf utan við poppið í sjálfsvarnar-íþróttinni Taekwondo og er í íslenska landsliðinu í því sporti. „Ég var að æfa þetta þegar ég var yngri en hætti og fór að æfa listskauta. Mömmu fannst ekki nógu kvenlegt að vera í Taekwondo,“ segir hún og hlær. „Ég hinsvegar fann mig aldrei í því og snéri aftur í Taekwondo.“

Margrét varð í öðru sæti á Íslandsmótinu í ár en í fyrra varð hún í því fyrsta. Hún æfir fimm

sinum í viku, stundum tvisvar á dag. Í ágúst fer hún til Kaupmannahafnar með landsliðinu að keppa á opnu móti sem kallast Wonderful Copenhagen. Í janúar verður svo haldið Norðurlandamót í Taekwondo hér á landi. „Já, ég mun keppa þar, nema það verði tónleikar með Mercedes Club,“ segir Margrét en hún segir að draumurinn um frama í sönglistinni sé ofar á blaði en Taekwondo-draumurinn. „Söngurinn er númer eitt, tvö og þrjú.“

-shs

TVÖFALT LÍF Magga Edda er söngkona og landsliðskona í Taekwondo.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



DIDDA: Á MERKILEGA MARGT SAMEIGINLEGT MEÐ GRASSALANUM ÖNNU

Skáldkona óttast ekki að fólk telji sig eiturlyfjasala

„Ef fólk fer að hringja í mig og vill kaupa hass kemur það að tómun kofanum. Ég heiti ekki Anna,“ segir Sigurlaug Didda Jónsdóttir öskukona, leikkona og ljóðskáld.

Þann 8. ágúst verður frumsýning á kvikmynd Sólveigar Anspach „Skrapp út!“ Þar er Didda í aðalhlutverki ásamt Jörundi Ragnarssyni en fjöldi þekktra Íslendinga kemur fram í myndinni. Þeir sem til þekkja segja ótrúleg líkindi milli leikkonunnar Diddu og svo aðalpersónunnar Önnu Hallgrímsdóttur. Anna er ljóðskáld og tveggja barna sjálfstætt for-eldri. Börn hennar heita Úlfur og Krummi, líkt og Diddu, og eru leikin af börnum Diddu, Úlfi Ægissyni og Hrafni Barrett. „Stóðu sig með þrýði,“ segir stolt móðir. Didda dregur síður en svo úr því að hún á ýmsa þætti sameiginlega með persónunni sem hún leikur. Leikstjórninn sótti fjölmarga þætti í líf hennar. „Hún er ljóðskáld og ég lána henni ljóðin mín. Gott að segja ljóðin á þennan hátt. Skemmtilegt skjól fyrir litla ljóðabók en ljóðin eru flest úr bókinni „Lastafans og lausar skrífur“ hreinlega af því að Sólveig las hana og skrifaði inn í handritið. Rétt eins og hún skrifaði börnin mín inn í handritið. Sjálfsagt vissi hún að ég myndi ekki segja nei ef ég yrði spurð,“ segir Didda.

Og fleiri sameiginlega þætti má nefna svo sem drauminn um að geta spilað á gítar, verða rokkari að eilífu, hrifningu á Land Rover jeppum og svo er þeim báðum mikið í mun að halda sína leið. Svo selur Anna maríjúana og eðlilegt að spyrja Diddu hvort þær eigi það einnig sammerkt?

„Ég veit það ekki. Það er svo margt sem fólk getur gert. Þú gætir bara vitað það ef þú hefur verið að kaupa sjálfur. Og það er rosalega bannað. Alveg jafn



DIDDA Börn hennar, Úlfur Ægisson og Hrafn Barrett, leika Úlf og Hrafn, syni Önnu, sem Didda leikur í kvikmyndinni Skrapp út!

bannað og að selja það,“ segir Didda leyndardómsfull en minnir jafnframt á að hún hlaut Edduverðlaun fyrir leik í Stormviðri Sólveigar (2003), og túlkaði þá konu sem sagði ekki neitt. Hún þekkir sig ekki sem þöglu týpuna. „Nei, nei, ég viðurkenni alveg að hafa ólöglegar skoðanir á maríjúana. En er löngu búin að átta mig á því hvenær maður getur sagt eitthvað og hvenær ekki. Stemningin er ekki alltaf fyrir slíkrum mæðum.“

Ég á börn. Og lífsstílslöggurnar eru fólk sem alltaf lemur mann með börnum manns,“ segir Didda. Hún óttast ekki að sér verði ruglað saman við Önnu hvað þetta varðar og verði talin með þeim sem höndla með kannabis-efni. „Ekki frekar en þegar ég lék Lóu á sínum tíma. Hún var geðveik. Kannski telur einhver mig vera geðveika. En ég get ekki verið að hafa áhyggjur af því og hef ekki verið greind sem slík.“ jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill Einarsson, eða Stóri, er nú staddur á Albufeira ásamt Jóhanni Ólafi Schröder, Pretty Hjenz en þeir urðu eftir á ströndinni eftir að hljómsveitin Mercedes Club hélt þar tónleika á Bubba-bar síðastliðið miðvikudagskvöld. Þeir Stóri og Hjenz kæra sig ekki um að notast við almenningssamgöngur og héldu því á bílaleigu á mánuðaginn. Þar gátu þeir valið milli Ford Fiesta og Ferrari. Ekki þarf mikinn spámann til að giska á hvorn bílinn Stóri leigði sér.



World Class veldið fer sístækkandi. Stöðvum fjölgar og viðskiptavinum með. Einnig er verið að fjölga þjónustubáttum í stöðvunum.

Á mánudagskvöld fóru fram upptökur í World Class á Seltjarnarnesi á myndbandi þar sem farið er yfir hvernig gera á æfingarnar í tækjunum. Leiðbeinendurnir eru ekki af verri endanum: Arnar Grant og sjálf Dísu í World Class.



Ýmsar sögur eru á sveimi í tengslum við fyrirhugaða komu auðkífingsins Romans Abramovich til landsins en samkvæmt DV er togari sem hann festi á kaup og vill gera að skemmti- og könnunarskipi í slipp á Akureyri. Abramovich mun á leið til lands og ætlar að slá upp veislu í tilefni þess. Heimildir Fréttablaðsins herma að það kunni að vera í veiðihúsi í Borgarfirði og hafa þeir snjöllu og snöru Múlakaffisfeðgar, Jói og Jón Örn, verið nefndir sem þeir sem sjá um veitingarnar. Það fylgdi þeirri sögu að Jón Örn hafi tvívegis rokið upp í Borgarfjörð til að hafa allt klárt en Abramovich ekki mætt. En þó

borgað reikninginn með bros á vör. En þegar þetta er borið undir veitingafeðgana vinsælu taka þeir því fjarri að eitthvað sé hæft í þessu.



Einar Áskell fer á svið

Hinn þýskættaði Bernd Ogradnik býr í Eyjafirði þar sem hann vinnur sýningar sínar og gerir brúður fyrir ýmsa aðila. Í lok ágúst verður Einar Áskell, frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Verkið byggir á tveimur bókum eftir Svíann Gunilla Bergström og er hugmyndin að sýningunni komin frá henni sjálfri.

„Hún hafði nú bara samband eftir að hafa séð innslag um mig í þættinum Út og suður, sem sýndur var í sænska sjónvarpinu,“ segir Bernd. Gunilla kom til landsins í fyrra til að hitta Bernd í Eyjafirði og ræða möguleika á samstarfi. Ýmislegt er á þrjónunum. „Það eru sjónvarpsþættir um Einar Áskel mögulegir í framtíðinni, en það er



VILDI SAMSTARF Gunilla Bergström sá Bernd í þættinum Út og suður og hafði samband.

bara of snemma að tala um það,“ segir Bernd. „Fyrst á dagskrá er sviðsverkið. Það þekkja allir

krakkar Einar Áskel svo þetta er mjög spennandi allt saman.“

Bernd segir sýninguna um 40 mínútna langa og hugsaða fyrir leikskólabörn. Eins og áður segir verður verkið frumsýnt í lok ágúst og verður Gunilla viðstödd frumsýninguna. Líklega verður blásið til málþings um verk Gunilla en bækur hennar um Einars Áskel hafa selst í um 90 þúsund eintökum á Íslandi. Tuttugu og ein bók um þakkinn uppátækjasama, vini hans og pabba gamla, hefur komið út á íslensku, allar í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur. Einar heitir Alfons Åberg á frummálinu og bækurnar um hann eru fyrir löngu orðnar sígildar um öll Norðurlönd.

- glh



KLÓKUR ERTU EINAR ÁSKELL Bernd Ogradnik og sænski þjakkurinn.

Lokahnykkur
og ný vara

ÚTSÖLULOK

Lokahnykkur í
ÚTSÖLUHORNINU

**Aðeins tvö verð,
500 kr. og 200 kr.**

Jackpot og Esprit EDC hætta
50 og 70% afsláttur

Ný vara komin í hús

Lokað sunnudag og mánudag
Gleðilega verslunarmannahelgi

fokus

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Sleitulaus hátíðahöld


Við vorum nokkrar vinkonur fyrir löngu farnar að plana villta verslunarmannahelgi. Ráðagerðirnar fólust þó ekki í tilhlökkun vegna dvalar við hjalandi lítinn læk og kvakandi fugl í mó, þótt umhyggjusamir foreldrar hafi líklega verið fódraðir á einhverjum þægilegum skáldskap. Ekki urðu heldur sérstakar umræður um hlý fót og nesti á föstu formi. Reyndar tók aðeins fáeinir mínútur að hrifsa svefnpoka og tjald en mun lengri stund að svitna yfir hallærislegheitunum í henni móður minni sem stóð við eldavélina og steikti kótilettur í raspi.

PLÍS mamma, það tekur enginn með sér svona nesti, það er sjoppa þarna og allt! Týpískt að ég neyðist til að taka með eitthvað glatað box með skrinukosti eins og tíðkast fyrir stríð. Nú þarf ég að pukrast með þetta eins og gamalmenni inni í tjaldi. Á ekki bara að senda mann með mjólkurflösku í ullarsokk líka?

SVO ferðin til Tvísýnu hófst með niðurlægjandi kótilettubox á botni bakpokans. Frábær félagsandi ríkti í rútunni sem stoppaði á leiðinni svo farþegarnir kæmust út að pissa. Þá voru margir komnir langt ofan í nestisflöskurnar og mesta furða að enginn yrði eftir við veginn. Ein stúlkan kom aftur inn í bílinn með skófar á enninu en hress að öðru leyti og hafði síðar þessa reynslu til marks um gæði helgarinnar.

FLEIRA var hægt að tína til sem sönnun einstakrar skemmtunar. Til dæmis það kraftaverk að hafa fundið tjaldstæði í myrkrinu og tekist að vöðla tjaldhúðinni utan um stangirnar. Um miðbik fyrstu náttar á þessum ágæta svefnstað þandi einhver vígalegan jeppa á skörinni og var eindregið hvattur af áhorfendum til að keyra yfir okkur. Láttu vaða yfir helvítis tjaldið, maður! Hvað er þetta lið að troða sér, svonah!

FLJÓTLEGA kom þó í ljós að enginn nennti að standa í fjöldamorðum. Þess í stað var slegið upp fjörugu og mjög langdregnu partyi með nýjum vinum sem entust akkúrat jafnlengi og helgin. Þetta var fyrir digitalbyltinguna, annars myndum við sjálfsagt betur hvert eftir öðru. Þá hefðum við líka getað fest á mynd stórfenglega bálför nágrannatjaldsins niður ána, hinn ódauðlega mexíkanahatt og sitthvað fleira gófugt og gott. Seint á sunnudeginum kláruðust svo kótiletturnar dásamlegu, allar með tölu.

			
GÓÐAN DAG!			
Í dag er miðvikudagurinn 30. júlí, 213. dagur ársins.			
Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag	
Reykjavík	4.29	13.34	22.36
Akureyri	3.56	13.19	22.39
Heimild: Almanak Háskólans			

HLAUGHTU TIL GÓÐS 23. ÁGÚST!

Safnaðu áheitung og hlaughtu fyrir gott málefni í Reykjavíkummaraboni Glitnis. Þú skráir þig á www.glitnir.is og velur fyrir hvaða góðgerðafélag þú vilt hlaupa og síðan geta vinir og velunnarar heitið á þig.

Skráðu þig á www.glitnir.is og hlaughtu til góðs.

ALLIR SIGRA 23. ÁGÚST!

REYKJAVÍKUR MARABON 25 GLITNIS ÁRA 23. ÁGÚST 2008



GLITNIR